

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/66/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 28/08/COL frá 23. janúar 2008 um svonefnda timburáætlun („verdiskapningsprogrammet for tre“) (Noregur)	1
2009/EES/66/02		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-ríkjum; vextir gilda frá 1. september 2009	23
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/66/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5586 – Sita/Paprec/FPR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	24
2009/EES/66/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5648 – OTHP/Macquarie/Bristol Airport)	25
2009/EES/66/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5656 – Europ Assistance Holding/SFR Développement/Océalis) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	26
2009/EES/66/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5659 – Daimler AG/IPIC/Brawn GP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27

2009/EES/66/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5666 – Xerox/ Affiliated Computer Services)	28
2009/EES/66/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5697 – Alstom Holding/Alstom Hydro Holding)	29
2009/EES/66/09	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. desember 2009.	30
2009/EES/66/10	Ályktun ráðsins frá 30. nóvember 2009 um leiðarvísi um aukinn rétt grunaðra manna og sakborninga við málsmeðferð í sakamálum	31

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/66/01

28/08/COL

frá 23. janúar 2008

um svonefnda tímburáætlun („verdiskapningsprogrammet for tre“)

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr., 5. mgr. 7. gr., 13. gr. og 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð ⁽⁴⁾, þ.e. um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum kaflanna um byggðaaðstoð og aðstoð til rannsókna og þróunarstarfs,

með vísan til reglugerða um hópundanþágu vegna aðstoðar til menntunar og aðstoðar til litilla og meðalstórra fyrirtækja svo og reglugerðarinnar um minniháttaraðstoð ⁽⁵⁾,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 147/06/COL frá 17. maí 2006 um að hefja formlega rannsókn skv. 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

eftir að hafa hvatt hagsmunaaðila til að leggja fram athugasemdir sínar í samræmi við 6. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁶⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Eftirlitsstofnun EFTA barst með bréfi dagsettu 1. febrúar 2005 (skjalnr. 307555) kvörtun („kvörtunin“) frá norsku atvinnugreinasamtökunum á sviði múr- og steinsteypuiðnaðar „byggutengrenser.no“ („kvartanda“). Samkvæmt kvörtuninni, sem barst stofnuninni og var skráð

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar – Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1 og í EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningunum var síðast breytt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 154/07/COL frá 3. maí 2007. Nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20, eins og henni var breytt með Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 20), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til litilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33, eins og henni var breytt með Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5). Þessi síðasta reglugerð kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 um minniháttaraðstoð (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30) og 12. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð (sem gefinn var út með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 54/96/COL frá 15. maí 1996, Stjtið. EB L 245, 25.9.1996, bls. 28). Allar fyrrnefndar reglugerðir hafa verið felldar inn í 15. viðauka við EES-samninginn (staflíður d–f) í 1. lið.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 272, 9.11.2006, bls. 19, og EES-viðbætur nr. 55, 9.11.2006.

3. febrúar 2005, telur kvartandi að norska ríkið veiti timburiðnaðinum ríkisaðstoð á grundvelli „*verdiskapningsprogrammet for tre*“, sem einnig nefnist „*treprogrammet*“ („timburáætlunin“ í því sem hér fer á eftir).

Eftir umtalsverð bréfaskipti ⁽⁷⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi með bréfi dagsettu 17. maí 2006 að hún hefði ákveðið að hefja rannsókn á timburáætluninni samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 3. júlí 2006, sem hafði að geyma bréf umbóta- og stjórnsýsluráðuneytisins (Fornýings- og administrasjonsdepartementet) og landbúnaðar- og matvælaráðuneytisins, bæði dagsett 26. júní 2006, lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir. Bréfin bárust og voru skráð hjá stofnuninni 4. júlí 2006 (skjalnr. 380386, nefnast í því sem hér fer á eftir athugasemdir stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn).

Ákvörðun Eftirlitsstofnun EFTA 147/06/COL um að hefja formlega rannsókn birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁸⁾. Stofnunin hvatti hagsmunaaðila til að leggja fram athugasemdir sínar. Engar athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum.

Að síðustu höfðu Eftirlitsstofnun EFTA og stjórnvöld í Noregi óformlegt samband bæði um síma og með rafpósti vegna timburáætlunarinnar. Stjórnvöld í Noregi hafa tekið upplýsingarnar, sem stofnuninni voru sendar í þessu samhengi, saman í bréfi sem umbóta- og stjórnsýsluráðuneytið sendi rafrænt 10. desember 2007 (skjalnr. 456845).

2 Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

2.1 Markmið og stjórnun timburáætlunarinnar eins og lýst er í lagalegri undirbúningsvinnu

Hvítbók fyrir 1998–99

Markmið timburáætlunarinnar er sett fram í hvítbók ríkisstjórnarinnar til þingsins um verðmætasköpun og tækifæri í skógrækt (St. meld. nr. 17 (1998–99 „*Verdiskapning og miljø – muligheter i skogssektoren*“) – nefnist „hvítbókin“ í því sem hér fer á eftir).

Markmið hvítbókarinnar er að koma á almennri stefnu um skynsamlega og sjálfbæra nýtingu skógarauðlinda og að auka framlag skógræktar til þjóðarbúskaparins og almennrar uppbyggingar norsks samfélags. Í hvítbókinni eru lagðar til ýmsar ráðstafanir til þess að ná þessu markmiði og er timburáætlunin ein þeirra. Í þessu samhengi leggur hvítbókin til fimm ára áætlun sem miðar að sköpun verðmæta í viðskiptum með tréverk og (timbur-)vinnslu. Nánar tiltekið er í hvítbókinni lagt til að markmið timburáætlunarinnar skuli vera að auka verðmætasköpun í skógrækt og (timbur-)vinnslu og jafnframt að auka framlag skógræktarinnar til þess að koma á sjálfbærari framleiðslu og neyslumynstri ⁽⁹⁾. Í þessu tilliti skal timburáætlunin leggja áherslu á i) að bæta vinnslu tréverks, ii) auka notkun þess og iii) efla viðskiptasambönd skógræktarinnar og markaðarins á ýmsum stígum ⁽¹⁰⁾. Í hvítbókinni kemur einnig fram að í nýju áætluninni skuli lögð áhersla á að greina möguleikana á sviði vöruþróunar og -hönnunar og finna leiðir til þess að litið verði á tréverk sem ákjósanlegt byggingarefni með mikla notkunarmöguleika ⁽¹¹⁾. Að síðustu, og í almennara samhengi, er í hvítbókinni bent á að markmiðið með aukinni verðmætasköpun í timburvinnslu skuli nást á innlendum vettvangi ⁽¹²⁾.

⁽⁷⁾ Sjá nánari upplýsingar um þessi bréfaskipti í ákvörðun 147/06/COL um að hefja formlega rannsókn, en útdráttur úr henni birtist í Stjtið. ESB 9.11.2006, og í EES-viðbæti nr. 55, 9.11.2006. Ákvörðunin er birt í fullri lengd á vefsíðu stofnunarinnar: www.eftasurv.int.

⁽⁸⁾ Sjá nánari upplýsingar um útgáfu í 7. nmgr. hér að framan.

⁽⁹⁾ Undirkafla 7.3.3 í hvítbókinni.

⁽¹⁰⁾ Undirkafla 7.3.3 í hvítbókinni.

⁽¹¹⁾ Undirkafla 2.4.1 í hvítbókinni.

⁽¹²⁾ Undirkafla 6.1.1 í hvítbókinni. Hvað varðar áherslu á norska iðnaðinn kemur eftirfarandi einnig fram í undirkafla 6.1.1 í hvítbókinni: „Til að auka verðmætasköpun er mikilvægt að meta bæði möguleikann á að lækka kostnað á vinnslu- og sölustigi og að auka notkun og bæta nýtingu á tréverki sem framleitt er í Noregi.“

Tilmæli (1998–1999) og skýrsla vinnuhóps

Nánar er mælt fyrir um rammann um að koma á fót timburáætlun í tilmælum fastanefndar Stórþingsins, sem beint var til Stórþingsins (Innst. S. nr. 208 (1998–1999)), frá 3. júní 1999 (hér á eftir nefnd „tilmælin“). Í tilmælunum er lagt til að komið verði á fót vinnuhópi til þess að greina fyrirkomulag svo og framkvæmd og fjárþörf vegna nýju áætlunarinnar.

Skömmu síðar, í júlí 1999, var vinnuhópi komið á fót sem var aðallega skipaður fulltrúum landbúnaðarráðuneytisins, atvinnugreinasamtökum skógareigenda og timburframleiðenda, rannsóknar- og þróunarstofnunum svo og fulltrúum smásöluverslunarinnar. Vinnuhópurinn gaf út skýrslu (skýrsla vinnuhópsins) 14. apríl 2000 um efni, skipulag og fjármögnun timburáætlunarinnar.

Vinnuhópurinn minnir á tilgang og markmið timburáætlunarinnar sem um getur í hvítbókinni. Vinnuhópurinn tiltekur enn fremur að áætlunin eigi að takmarkast við ferlið í vinnslunni milli skógræktargeirans og vélvirka timburvinnsluviðnaðarins en skuli einnig taka til útvegna á hráefni til timburvinnslunnar (t.d. að auka gæði, nákvæmni og reglubundna afhendingu) ⁽¹³⁾. Í skýrslu vinnuhópsins er einnig kveðið á um að miðað sé að því að timburáætlunin leggi áherslu á norskar timburauðlindir og að umbætur verði í (timbur-)vinnslu í Noregi.

Í skýrslu vinnuhópsins er lagt til að ábyrgð á stjórnun og framkvæmd timburáætlunarinnar verði í höndum i) sjóðsins „Statens nærings- og distriktsutviklingsfond“, sem almennt er nefndur „SND“ (sem var endurskipulagður undir nýju heiti „Innovasjon Norge“ frá og með 1. janúar 2004) og ii) stjórnunarhóps („stjórnunarhópurinn“), með fulltrúum ýmissa ráðuneyta og markaðsaðila, tilnefndum af landbúnaðarráðuneytinu ⁽¹⁴⁾.

Samkvæmt skýrslu vinnuhópsins miðast raunveruleg verkefni stjórnunarhópsins aðallega við að meta og þróa áætlunina (þ.m.t. að tryggja þátttöku í virðisdeðjunni og ganga úr skugga um að starfsemi samsvari markmiði og stefnumiðum áætlunarinnar) en Innovasjon Norge skal vera sú stofnun sem ber ábyrgð á að hrinda áætluninni í framkvæmd ⁽¹⁵⁾. Í því skyni var Innovasjon Norge heimilað að samþykkja og úthluta öllum styrkjum veittum á grundvelli áætlunarinnar.

Meðan formleg rannsókn fór fram gerðu stjórnvöld í Noregi grein fyrir því að meginreglurnar sem lágu til grundvallar almennum starfsvenjum Innovasjon Norge (til að stjórna öðrum aðstoðaráætlunum) væru notaðar til að hrinda timburáætluninni á framkvæmd ⁽¹⁶⁾. Innovasjon Norge veitti því styrki samkvæmt timburáætluninni á grundvelli i) meginstefnu Innovasjon Norge ⁽¹⁷⁾ ii) innri EES-leiðbeininga Innovasjon Norge, iii) fyrsta árlega úthlutunarbréfs landbúnaðarráðuneytisins ⁽¹⁸⁾, iv) almennra reglna í leiðbeiningum málsmeðferðaraðila Innovasjon Norge og v) leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð ⁽¹⁹⁾. Það sem mikilvægast er í reynd í þessum meginreglum er að finna í innri EES-leiðbeiningunum, sem einnig mynda grundvöll flestra athugasemda stjórnvalda í Noregi.

Innri EES-leiðbeiningarnar hafa verið þróaðar af Innovasjon Norge á grundvelli núverandi norskra aðstoðaráætlana sem stofnunin stýrir. Þar er að finna skilgreiningu á hugtakinu ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, stuttar samantektir úr Leiðbeiningum um ríkisaðstoð og

⁽¹³⁾ Í undirkafla 1.4 í skýrslu vinnuhópsins er kveðið á um að timburáætlunin nái ekki yfir skógrækt, grunnvirki, flutninga, úthaga, skógræktarvörur til notkunar í grænum skreytingum og líforku sem aðrar ráðstafanir stjórnvalda eiga að taka til. Í undirkafla 2.1 í skýrslu vinnuhópsins er skilgreint að virðisdeðjan sem grundvallast á skógi (skógrækt) taki til allra aðila sem koma að henni allt frá stubbi til endanlegs notanda. „Skógur“ tekur til aðfangabáttarins (skóggareigendur og samtök þeirra) og viðskiptabáttarins (atvinnurekendur á sviði skógnýttja, þ.m.t. flutningur á landi, timburmæling og velta, skógræktarvinna, rekstraráætlun o.s.frv.). „Framleiðsla“ tekur til allrar vinnslu á timbri yfir í vörur sem henta endanlegum notendum en með áherslu á vélvirkt timburvinnsluferli (sem tekur til hefðbundinnar vinnu í sögunarmyllum og trésmiða og frekari vinnslu í hurðir, glugga, stiga og aðrar byggingareiningar svo og framleiðslu á tréhúsgögnum, timburhúsum og handsmíðuðum vörum). „Markaðurinn“ tekur til endanlegra notenda en nær einnig yfir mismunandi viðskiptastig og aðra atvinnurekendur í skógræktarframleiðslukerfinu, s.s. undirverktaka með vörur og þjónustu fyrir skógrækt og iðnað sem byggir á skógrækt.

⁽¹⁴⁾ Undirkaflar 1.5, 6.2 og 6.3 í skýrslu vinnuhópsins. Frá maí 2003 var hópurinn einnig skipaður fulltrúum ýmissa fjármagnshópa og skrifstofu fylkissjóra.

⁽¹⁵⁾ Senda skal landbúnaðarráðuneytinu ársskýrslur um starfsemi og þróun áætlunarinnar og eiga þær að liggja til grundvallar bæði fyrir undirbúning fjárhagsáætlunarinnar og leiðbeiningar fyrir Innovasjon Norge (áður SND), sbr. undirkafla 1.5, 6.2 og 6.3 í skýrslu vinnuhópsins.

⁽¹⁶⁾ Sjá athugasemdir stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.

⁽¹⁷⁾ Í meginstefnunni er að finna leiðbeiningar þar sem settar eru ákveðnar ytri takmarkanir á styrkveitingar af hálfu Innovasjon Norge (s.s. útilokun á rekstrar- og úthlutningsaðstoð) og krafa gerð um að styrkir skuli veittir innan marka sem sett eru í alþjóðasamningum sem Noregur er aðili að.

⁽¹⁸⁾ Í úthlutunarbréfinu frá 6. október 2000 eru upplýsingar um fjárhæðina til að hrinda timburáætluninni í framkvæmd en jafnframt vísað til markmiðs, atvinnugreina og markhópa áætlunarinnar.

⁽¹⁹⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa einnig vísað til laganna um Innovasjon Norge og „stöðluð skilyrði“ stofnunarinnar fyrir úthlutun þróunarstyrks sem tekur til stjórnsýslureglna um m.a. tímamörk, skjalahald, eftirlitsráðstafanir og endurgreiðslu fjárframlaga.

reglum um minniháttaraðstoð ásamt töflu yfir aðstoðarhlutföll fyrir núverandi áætlanir ⁽²⁰⁾. Innri EES-leiðbeiningarnar hafa verið uppfærðar reglulega og hafa því fimm mismunandi gerðir af þeim verið lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA ⁽²¹⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að þótt að í skýrslu vinnuhópsins væri ekki að finna nein skilyrði, sem verkefni yrðu að uppfylla til að geta fengið styrk, væru slík skilyrði útfærð í innri EES-leiðbeiningunum. Þó að enga skýra tilvísun í innri EES-leiðbeiningarnar sé að finna í skýrslu vinnuhópsins hafa stjórnvöld í Noregi greint frá því að tilvísunin í skýrslu vinnuhópsins um að koma á „*meiginreglum og aðferðum*“ (innan marka EES-réttar), í þeim tilgangi að hrinda í framkvæmd timburáætluninni, skuli teljast vera tilvísun í innri EES-leiðbeiningarnar ⁽²²⁾. Að sögn stjórnvalda í Noregi hafa innri EES-leiðbeiningarnar á þennan hátt verið samþættar timburáætluninni ⁽²³⁾. Málsmeðferðaraðilar Innovasjon Norge hafa fyrirmæli um að meta umsóknir á grundvelli sérstakra reglna í innri EES-leiðbeiningunum sem þeir telja eiga við. Ef þeir telja að ekki sé um neina ríkisaðstoð að ræða er heimilt að fjármagna verkefni 100% ⁽²⁴⁾.

2.2 Lagagrundvöllur og árleg fjárframlög

Fram kemur í ríkisfjárlögum fyrir viðkomandi ár að timburáætlunin er fjármögnuð af landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu með árlegum úthlutunum beint af ríkisfjárlögum. Kveðið er á um fjármögnun timburáætlunarinnar í tillögu ríkisstjórnarinnar til Stórpingsins sem hefur að geyma ríkisfjárlög fyrir árið 2000 (St. prp. nr. 1 (1999–2000)), þar sem fjármögnun timburáætlunarinnar er felld inn í kafla 1142 sem liður 71 ⁽²⁵⁾. Í öllum ríkisfjárlögum fyrir næstu ár á eftir voru fjárhæðir eyrnamerkta timburáætluninni ⁽²⁶⁾.

Í fyrsta árlega úthlutunarbréfi landbúnaðarráðuneytisins til Innovasjon Norge er fjármagni úthlutað til Innovasjon Norge og heimilað að það sé greitt í samræmi við markmið, atvinnugrein og markhópa, eins og mælt er fyrir um í skýrslu vinnuhópsins ⁽²⁷⁾.

Með bréfi dagsettu 29. september 2005, uppfært með bréfi frá 3. júlí 2006, greindu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA frá því að fjárframlög vegna timburáætlunarinnar fyrir fjárhagsárin 2000 til 2005 væru sem hér segir:

1. tafla: Árleg fjárframlög

Ár	Fjárframlög í milljónum NOK	Samþykktar fjárhæðir í milljónum NOK
2000	17	8,8
2001	25	25,7
2002	20	18,2
2003	36	39,3
2004	35	28,4
2005	33	39,5
Samtals	166	159,9

⁽²⁰⁾ Einnig er þar að finna ákvæði um uppsöfnun, viðmiðunarvexti og útreikning á aðstoð.

⁽²¹⁾ Útgáfurnar eru frá janúar 2000, ágúst 2001, júní 2003, september 2004 og júlí 2005 og eru ekki frábrugðnar hver annarri efnislega. Til einföldunar vísar notkun hugtaksins „innri EES-leiðbeiningar“ í því sem hér fer á eftir til texta síðustu útgáfunnar og eingöngu þar sem við á (vegna frávika eða viðbótartexta) eru athugasemdir gerðar við textann í fyrri útgáfum.

⁽²²⁾ Í undirkafla 1.3 í skýrslu vinnuhópsins er greint frá því að heimila skuli fjármögnun í samræmi við reglur EES og í undirkafla 7.1 segir að „*Lög EES-samningsins um ríkisaðstoð skuli virt. Áætlunin verði að setja sínar eigin meginreglur og aðferðir innan þessara ákvæða*“. Sjá einnig athugasemdir stjórnvalda í Noregi um ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.

⁽²³⁾ Sjá athugasemdir stjórnvalda í Noregi um ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn og tölvupóst frá 18. janúar 2008 frá stjórnvöldum í Noregi (skjalnr. 461470).

⁽²⁴⁾ Sjá einnig undirkafla um samfjármögnun og 100% fjármögnun verkefniskostnaðar í undirkafla 1-2.4 hér á eftir.

⁽²⁵⁾ Sjá einnig endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 61 (1999–2000)). Vísad hefur verið til timburáætlunarinnar með mismunandi heitum, m.a. „*trepprogrammet*“ og „*verdskapningsprogrammet for tre*“, og með upphaflegu tilmaletunum frá fastanefndinni til Stórpingsins (Innst. S. nr. 208 (1998–1999)).

⁽²⁶⁾ 2001: St. prp. nr. 1 (2000–2001) og endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 84 (2000–2001)); 2002: St. prp. nr. 1 (2001–2002) og endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 1 Tillegg nr. 4 (2001–2002)); 2003: St. prp. nr. 1 (2002–2003) og endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 65 (2002–2003)); 2004: St. prp. nr. 1 (2003–2004) og endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 63); 2005: St. prp. nr. 1 (2004–2005) og endurskoðuð fjárlög (St. prp. nr. 65 (2004–2005)). Fyrstu fjögur árin (2000–2003, að báðum árum meðtöldum) var fjármögnun fyrir timburáætlunina eyrnamerkt undir lið 71 í kafla 1142 í ríkisfjárlögum en á síðustu tveimur árunum (2004 og 2005) var fjármögnunin eyrnamerkt undir lið 71 í kafla 1149 í ríkisfjárlögum.

⁽²⁷⁾ Bréf dagsett 6. október 2000 sem Eftirlitsstofnun EFTA barst sem fylgiskjal 3 með athugasemdum stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.

Styrkir voru greiddir út innan þriggja ára frá því ári að samþykkið („*tilsagn*“) var veitt og eftir að styrkþegar höfðu lokið við verkefnið. Ef fjármagn fyrir tiltekið ár var ekki allt notað var eftirstandandi fjárhæð færð fram á næsta ár. Því gat heildarvirði samþykktra fjárhæða á tilteknu ári verið hærra en fjárframlög fyrir sama ár.

2.3 *Styrkþegar samkvæmt timburáætluninni*

Í skýrslu vinnuhópsins er kveðið á um að timburáætlunin skuli miðast við fyrirtæki og aðra rekstraraðila með raunhæf markmið sem falla undir stefnumið og starfssvið áætlunarinnar og stuðla að aukinni verðmætasköpun ⁽²⁸⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa ennfremur skýrt frá því að timburáætlunin standi til boða öllum hlut- aðeigandi iðngreinum (þ.e. „*vélvirkum timburiðnaði*“) svo og iðngreinum sem geta stuðlað að markmiðum timburáætlunarinnar, s.s. iðngreinum sem kanna notkun timburs með öðru efni ⁽²⁹⁾. Innan þessara marka er áætlunin opin „*einkaaðilum, fyrirtækjum, yfirvöldum og samtökum án tillits til uppbyggingar eða skipulags fyrirtækisins*“, óháð því í hvaða landi þau hafa staðfestu ⁽³⁰⁾.

2.4 *Styrkhæfur kostnaður og aðstoðarhlutfall*

Styrkhæfur kostnaður

Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að styrkir samkvæmt timburáætluninni hafi verið veittir til verkefna sem „... *stuðla að markmiðum undir stefnumiðum og starfssviðum áætlunarinnar*“ og efla nýsköpun. Svo virðist af skýrslu vinnuhópsins að dæma að eftirfarandi þremur stefnumiðum skuli fylgt til að ná markmiðum timburáætlunarinnar. Hverju markmiðanna skal hrundið í framkvæmd með starfsemi sem skilgreind er undir hverju stefnumiði ⁽³¹⁾. Kostnaður vegna slíkrar starfsemi getur því átt rétt á styrk samkvæmt timburáætluninni.

- i) Mótunar- og samskiptastefnumið (þ.e. að skapa þátttöku og vilja til að þróa virðiskeðjuna, laða að hæfni, fólk og fjármagn, auka sýnileika og virka mótunarstefnu í tengslum við skógl og tréverk og leggja áherslu á ágæti timburs sem efnis svo og miðlun upplýsinga).

Ráðstafanir sem skal nota til að hrinda þessu stefnumiði í framkvæmd ná yfir auglýsingaherferðir, þar sem skógar-/timburiðnaður er kynntur á jákvæðan hátt, miðlun upplýsinga á síðum hönnunar-/arkitektablaða sem fjalla um timbur og dreifingar upplýsinga til fagaðila, háskóla og menntastofnana svo og neytenda. Aðrar ráðstafanir taka til stofnunar netgáttar og nets til þess að veita upplýsingar um virðiskeðjuna, en sem virka einnig sem almenn upplýsingalind, og jafnframt að koma á fót miðstöðum, bæði á landsvísu og innan héraða, til að þjóna rannsóknar- og þróunarhópum, húsameisturvum, hönnuðum, upplýsingatæknisviðum, þeim sem meta þróunarhorfur, nýsköpunaraðilum og fjárfestum o.s.frv.

- ii) Vöruþróunar- og nýsköpunarstefnumið (sem nær yfir að hrinda í framkvæmd nýjum möguleikum, hugmyndum og frumkvæðisverkefnum og stuðlar að nýsköpun og nýjungum).

Ráðstafanir sem verða notaðar taka til kerfislægra þróunaráætlana, stofnunar viðskiptamiðstöðva sem beinast að litlum fyrirtækjum, nýsköpunarverkefnum, sem tengjast mismunandi menntastofnunum, samkeppnisverkefnum á sviði hönnunar/húsagerðar, þróun nýrra vara innan nýrra markaðsgeira (s.s. afþreyingamarkaðir, aðstaða/grunnvirki fyrir „fólkvanga“, viðarvörur fyrir heilsugæslu o.s.frv.) og þróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á að hagnaður verði í virðiskeðjunni (í tengslum við hráefni, hliðarvörur, timburviðskipti og rafræn viðskipti). Aðrar ráðstafanir taka til þess að koma á miðstöð og skipulagi við að þróa nýjungar og nýsköpun, stúdentaverkefni á sviði nýsköpunar og húsagerðar og hönnunarsamkeppni til að auka notkun á tilteknu timburefni.

⁽²⁸⁾ Undirkafla 4.6 í skýrslu vinnuhópsins.

⁽²⁹⁾ Sjá bréf stjórnvalda í Noregi til Eftirlitsstofnunar EFTA, dagsett 29. september 2005, sem fylgdi bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 3. október 2005 (skjalnr. 345465).

⁽³⁰⁾ Sjá bréf dagsett 29. september 2005, sbr. tilvísun í 30. nmgr., og athugasemdir stjórnvalda í Noregi við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn.

⁽³¹⁾ Undirkaflar 4.1–4.4 og 5 í skýrslu vinnuhópsins.

- iii) Samstarfs- og hagkvæmnistefnumið (sem nær yfir umbætur sem tengjast vörustreymi og vinnsluáðferðum í virðisreðjunni og kosnaðarhagnýtingu, verðmætasköpun og hagnaði sem og bestu nýtingar mannaúts og grunnvirkja).

Ráðstafanir sem taka til þróunar á samþætту birgðastjórnunarkerfi til að bæta tímasetningu á dreifingu á vörum og gæði og verð á vörum, upplýsingatækni til að spara útgjöld á sölu-/dreifingarstigi og þróun upplýsingatæknikerfa vegna samskipta um alla virðisreðjuna til að auka gæði. Aðrar ráðstafanir taka til samkeppni, undirbúningskannana um þróun samþættra upplýsingatæknikerfa og stafvæðingar upplýsinga um vörur um allt virðiskerfið, samkeppnis-áætlanir um kosnaðarhagkvæmni í verðmætaþróun og (ráðstafanir fyrir) myndun hagnaðar á sviði skógiðnaðar, timburiðnaðar og viðskipta.

Í innri EES-leiðbeiningunum er styrkhæfur kostnaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki tilgreindur, þjálfunarstarfsemi og rannsóknir og þróun, sem og fyrir „fjárfestingar“ (lítilla og meðalstórra fyrirtækja og byggðasvæða). Þýdd útgáfa af lýsingu á styrkhæfum kostnaði fylgir hér með sem I. viðauki ⁽³²⁾.

Aðstoðarhlutföll

Í innri EES-leiðbeiningunum er kveðið á um aðstoðarhlutföll fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki ⁽³³⁾ en um aðstoðarhlutföll fyrir aðrar tegundir aðstoðar er eingöngu getið með tilvísun til töflu sem nefnd er „Hámarksfjármögnunarhlutföll fyrir áætlanir sem stjórnað er af Innviðskiptum Norge – stærð fyrirtækis og aðstoðarhæfsvið“. Taflan, sem hefur ekki að geyma tilvísun í timburáætlunina, fylgir í II. viðauka hér á eftir.

Þar sem taflan vísar til tvenns konar mismunandi aðstoðarhlutfalla með tilliti til undirbúningsrannsókna fyrir rannsóknir og þróun samkvæmt áætlunum „OFU/IFU“ og „Omstilling og nyskapning“, hafa stjórnvöld skýrt frá því að aðstoðarhlutfallið fyrir „OFU/IFU“ – áætlunina hafi verið notað fyrir timburáætlunina. Mismunurinn á aðstoðarhlutföllunum er að aðstoðarhlutfall fyrir tæknilegar hagkvæmnikannanir sem fram fara á vegum stórfyrirtækja vegna rannsókna á forsamskipnisstigi (fyrir stórfyrirtæki) má nema allt að 55 % samkvæmt „Omstilling og nyskapning“ meðan samsvarandi aðstoðarhlutfall samkvæmt „OFU/IFU“-áætluninni er aðeins 50 %.

Aðstoðarhlutföll í tengslum við sameiginlega fjármögnun og 100 % fjármögnun kostnaðar

Styrkir samkvæmt timburáætluninni eru að meginreglu til skilyrtir framlögum frá styrkþegum í formi fjármögnunar og vinnuafis ⁽³⁴⁾. Engar lágmarkskröfur eru þó gerðar um sameiginlega fjármögnun en hlutfall hennar er hins vegar mismunandi allt eftir markmiðum og einkennum verkefnisins. Í þessu samhengi hafa stjórnvöld í Noregi skýrt frá því að aðstoð samkvæmt timburáætluninni sé veitt í samræmi við aðstoðarhlutföllin sem sett eru fram í innri EES-leiðbeiningunum, þannig að í reynd sé alltaf sama form á sameiginlegu fjármögnuninni.

Þó hafa stjórnvöld einnig skýrt frá því að þau fylgi þeirri starfsvenju vegna timburáætlunarinnar að tiltekin verkefni fái 100 % fjármögnun kostnaðar – og þá er ekki um að ræða neina sameiginlega fjármögnun. Í þessu samhengi hafa stjórnvöld vísað til skýrslu vinnuhópsins þar sem kveðið er á um að: „Hlutfall fjármögnunar samkvæmt áætluninni er mjög mismunandi allt eftir markmiði og einkennum verkefnanna. Áætlunin má fjármagna allan verkefnis [kostnaðinn] þegar erfitt er að greina þann sem getur haft beinan ávinning af verkefninu, t.d. þegar um er að ræða hrein rannsóknaverkefni eða undirbúningsrannsóknir. Hlutfall fjármögnunar samkvæmt áætluninni kann á sama hátt að vera mjög lágt í verkefnum sem metin eru mikilvæg og sem þátttakendur í verkefninu geta notað beint. Beita verður reglum EES um ríkisaðstoð. Innan marka sem slíkar reglur setja verður að þróa meginreglur og stjórnunarvenjur vegna áætlunarinnar.“ ⁽³⁵⁾

⁽³²⁾ [Íslenska þýðingin er gerð eftir enskri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA.]

⁽³³⁾ Ef um fjárfestingu er að ræða er hámarks hlutfall 7,5% fyrir meðalstór fyrirtæki og 15% fyrir lítil fyrirtæki en mörkin miðast við 50% fyrir ráðgjafarþjónustu og þátttöku í kaupstefnum.

⁽³⁴⁾ Sjá undirkafla 1.4 og 7.1 í skýrslu vinnuhópsins.

⁽³⁵⁾ Sjá undirkafla 7.1 í skýrslu vinnuhópsins.

Stjórnvöld hafa ennfremur skýrt frá því að sú venja að veita 100 % fjármögnun hafi tíðkast í tilvikum þegar erfitt hafi verið að greina hagsmunaaðila sem hefðu beinan ávinning af verkefnum (eða ef einstök fyrirtæki teldust eingöngu hljóta lítilsháttar ávinning) s.s. þegar um er að ræða undirbúningsrannsóknir og skýrslur á sérstökum marksviðum. Sem dæmi um þetta tiltóku stjórnvöld í Noregi styrk að fjárhæð 125 000 NOK til Norsk Treteknisk Institutt vegna verkefnis á sviði vörupróunar á hefluðu þili til innri notkunar⁽³⁶⁾. Stjórnvöld í Noregi skýrðu frá því að niðurstöður verkefnisins væru aðgengilegar aðildarfélögum stofnunarinnar og að hvað sem öðru liði væru flestar upplýsingar Norsk Treteknisk Institutt alla jafna tiltækar á bókasafni stofnunarinnar.

2.5 *Minniháttaraðstoð*

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að styrkir veittir á grundvelli sérákvæða samkvæmt timburáætluninni uppfylli skilyrðin til að teljast minniháttaraðstoð. Stjórnvöld hafa útskýrt að þegar minniháttaraðstoð er veitt feli bréfið um samþykka fjárhæð sem sent er styrkþegum í sér tilvísun til marka minniháttaraðstoðar og tímaramma svo og til þeirrar skyldu styrkþega að upplýsa stjórnvöld um aðstoð annars staðar frá innan þriggja ára frá þeim tíma þegar samþykki var veitt um að veita aðstoð⁽³⁷⁾.

Að auki hafa stjórnvöld greint frá því að stjórnsýsluvenja sé fyrir hendi sem heimilar að bæta minniháttaraðstoð við aðra aðstoð, t.d. til rannsókna og þróunar. Sérstaklega er kveðið á um þetta í innri EES-leiðbeiningunum í útgáfunum frá september 2004 og júlí 2005⁽³⁸⁾.

2.6 *Gildistími*

Stjórnvöld í Noregi hafa greint frá því að timburáætluninni hafi verið hrundið í framkvæmd 1. júlí 2000 (en frá þeim degi var heimilt að leggja inn umsóknir) og hún hafi verið í gildi í fimm ár, þar til í árslok 2005 (síðasta samþykkið var veitt 30. desember 2005)⁽³⁹⁾.

2.7 *Víðskipti með viðarvörur*

Í hvítbókinni frá ríkisstjórninni til Stórþingsins um verðmætasköpun og tækifæri í skógræktargeiranum kemur fram að Noregur flytur viðarvörur sínar út til ESB. Í þessu tilliti er sérstaklega tekið fram í undirkafla 4.3 í hvítbókinni að „Noregur flytji út u.þ.b. 85–90 % af viðar- og pappírsvörum á heildsölustigi og u.þ.b. 35 % af timburframleiðslunni. Sala til ESB-landanna er u.þ.b. 70 % annars vegar og 90 % hins vegar af heildariútflutningi. Allar áætlanir eða pólitískar ihlutunar innar ESB sem geta haft áhrif á innflutning ESB á skógiðnaðarvörum getu haft verulegar afleiðingar fyrir norska skógræktargeirann“⁽⁴⁰⁾. Ennfremur er ljóst af hagskýrslum Hagstofu Evrópubandalaganna að viðarvörur eru í stóru magni fluttar út til ESB⁽⁴¹⁾. Að lokum kemur það fram í norskum hagtölum frá Hagstofu Noregs (*Statistisk sentralbyrå*) að Noregur flytur einnig inn verulegt magn af timbri, unnum víði og viðarvörum („*Tømmer, trelast og kork...*“) frá ríkjum Evrópusambandsins⁽⁴²⁾.

⁽³⁶⁾ Þessi fjárhæð telst að vísu minniháttaraðstoð, en Norsk Treteknisk Institutt hefur einnig þegið aðra aðstoð.

⁽³⁷⁾ Upplýsingarskyldan er orðuð þannig: „EØS-regulverket – opplysningsplikt: Tildelingen av tilskuddet skjer i henhold til reglene for bagatellmessig støtte. Ved eventuelle nye søknader om offentlig støtte (uansett støttekilde) har støttemottaker plikt til å opplyse om dette tilskuddet. Opplysningsplikten gjelder i 3 år fra tilsagnstidspunktet. Støttemottakeren må ikke motta mer enn til sammen 100.000 Euro (ca. kr 815.000,-) i støtte etter reglene for bagatellmessig støtte over et tidsrom på 3 år“.

⁽³⁸⁾ Undirkafla 4.2.

⁽³⁹⁾ Þetta er staðfest í athugasemdunum við tillögu að ríkisfjárlögum í St. prp. nr. 1 (2000–2001) og skýrslu vinnuhópsins.

⁽⁴⁰⁾ [Íslenska þýðingin er gerð eftir enskri þýðingu Eftirlitsstofnunar EFTA á eftirfarandi tilvitnun:] „Norge eksporterer ca 85–90% av produksjonen av tremasse og papirprodukter og ca 35% av trelast-produksjonen. Leveransene til EU-land utgjør henholdsvis 70% og 90% av eksporten. Eventuelle strategier eller politiske vedtak innen EU som kan påvirke EUs import av skogindustriprodukter vil kunne få store konsekvenser for den norske skogsektoren.“

⁽⁴¹⁾ Tölulegar upplýsingar frá Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir árin 1999 til 2004 (sem taka bæði til innflutnings og útflutnings á ýmsum tegundum af unnum víði og timbri innan ESB þar sem verðmæti er gefið upp annaðhvort í þúsundum rúmmetra eða tonna) sýna að veruleg víðskipti fara fram innan ESB með viðarvörur. Viðeigandi tölulegar upplýsingar eru i) intra EU-25, innflutningur og útflutningur á trjábolum; „table fores1“; ii) intra EU-25, innflutningur á trjávöðu- og pappír og pappi; „table fores2“; iii) intra EU-25, innflutningur á trjávöðu „table fores2“; iv) intra EU-25, innflutningur á söguðu timbri og timburþili; „table fores61“; og v) intra EU-25, innflutningur á söguðu timbri „table fores61“. Allar þessar upplýsingar er að finna á <http://europa.eu.int/comm/eurostat> en einnig er hægt að hafa samband við Hagstofu Evrópubandalaganna um vefsíðu hennar.

⁽⁴²⁾ Sjá vefsíðu: <http://www.ssb.no/muh/tab15-01.shtml> sem sýnir töflu 15, undir titlinum, „Vidskipti við valin lönd eftir vöruflokkum. Tveggja stafa tala samkvæmt SITC. Jan–mar 2006. Milljónir krónur“.

2.8 *Gildissvið EES-samningsins*

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins:

„*Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:*

- a) *framleiðsluvara sem falla undir 25.–97. kafla í samræmi vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;*
- b) *framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.“*

Viður og viðarvörur falla undir 44. kafla.

2.9 *Grundvöllur fyrir málsmeðferð*

Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn á grundvelli þeirra bráðabirgðaniðurstaðna að timburáætlunin fæli í sér ríkisaðstoð sem alla jafna gæti ekki átt rétt á neinni þeirra undanþágna sem kveðið er á um í EES-samningnum. Því hafði stofnunin efasemdir um að timburáætlunin gæti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins. Vísað var til þeirrar staðreyndar að í gögnumum sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram um timburáætlunina voru aðstoðarhæf verkefni, aðstoðarhæfur kostnaður eða hámarksfjárhæð aðstoðar, sem hægt væri að veita, ekki skilgreind sérstaklega.

Stjórnvöld í Noregi voru hvött til að leggja fram upplýsingar um hugsanlegar innri leiðbeiningar um að hrinda bæri áætluninni í framkvæmd í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð og/eða hópundanþágureglugerðirnar. Eftirlitsstofnun EFTA benti hins vegar á að jafnvel þótt hægt væri að sýna fram á slíka stjórnsýsluvenju kynni hún samt sem áður að telja að áætlunin samrýmdist ekki framkvæmd EES-samningsins í ljósi þess að á grundvelli timburáætlunarinnar tíðkaðist sú venja að veita 100% stuðning til verkefna ef stjórnsýslustofnunin mæti það svo að styrkurinn teldist ekki fela í sér aðstoð vegna þess að ekki væri hægt að skrifa starfseminna á einstök fyrirtæki og hún fæli því eingöngu í sér hóflegan ávinning.

Með tilliti til þess hvort styrkir veittir á grundvelli sérákvæða um minniháttaraðstoð samkvæmt timburáætluninni uppfylli skilyrðin um að teljast minniháttaraðstoð samkvæmt Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eða síðari reglugerð um minniháttaraðstoð (sem kom í stað Leiðbeininga um ríkisaðstoð hvað þetta varðar frá 1. febrúar 2003) ⁽⁴³⁾ tók Eftirlitsstofnun EFTA þá afstöðu að viðkomandi ákvæði virtust ekki vera í samræmi við reglurnar um veitingu minniháttaraðstoðar.

3. *Athugasemdir stjórnvalda í Noregi*

3.1 *Málsmeðferð*

Stjórnvöld í Noregi viðurkenna að Eftirlitsstofnun EFTA hefði átt að fá formlega tilkynningu um áætlunina en telja að sú staðreynd að timburáætlunin hafi ekki verið tilkynnt nægi ekki ein og sér til að stofnunin geti dregið þá niðurstöðu að hún sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

3.2 *Meginefni*

Innri leiðbeiningar eða stjórnsýslufyrirmæli

Stjórnvöld í Noregi telja að meginreglur EES-samningsins um ríkisaðstoð hafi í reynd verið virtar. Í fyrsta lagi kveður meginsteffna Innovasjon Norge á um að öll fjármögnun skuli veitt innan ramma alþjóðasamninga sem Noregur á aðild að. Í öðru lagi hafa málsmeðferðaraðilar Innovasjon Norge (gegnum skýrslu vinnuhópsins) fengið fyrirmæli um að hrinda timburáætluninni í framkvæmd í samræmi við EES-samninginn. Innri EES-leiðbeiningarnar hafa verið þróaðar með það í huga að auðvelda fylgni við EES-samninginn. Í þriðja lagi hafa málsmeðferðaraðilar reynslu af Leiðbein-

⁽⁴³⁾ Eldri útgáfa 12. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð var felld niður með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 198/03/COL frá 5. nóvember 2003. Hins vegar kom reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) um minniháttaraðstoð í stað 12. kafla þegar hinn 1. febrúar 2003 (Stjtið. ESB L 10, 13.1.2001, bls. 30, hér á eftir nefnd „reglugerðin um minniháttaraðstoð“).

ingum um ríkisaðstoð og taka þátt í námskeiðum um efnið. Ef þeir eru í vafa geta þeir leitað ráða hjá lagadeild Innovasjon Norge.

Tilvik þar sem ekki er um neina aðstoð að ræða

Hvað varðar þá venju að fjármagna 100% af verkefniskostnaði hafa stjórnvöld í Noregi fært fram þau rök að þessi venja taki til verka sem falli utan gildissviðs EES-samningsins annaðhvort vegna þess að ekki sé um neina ríkisaðstoð að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eða vegna þess að aðstoðin hafi verið veitt sem minniháttaraðstoð. Stjórnvöld hafa lagt fram töflu sem sýnir hvernig allri fjármögnun, sem veitt hefur verið á grundvelli timburáætlunarinnar, hefur verið úthlutað.

Stjórnvöld telja að í átta tilvikum (tvö dæmi sýnd) hafi aðstoð verið veitt til verka sem taka til verka (s.s. tré á rót) sem eru ekki talin upp í 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni og fællu því ekki undir gildissvið EES-samningsins.

Stjórnvöld álíta ennfremur að 114 styrkþegar samkvæmt timburáætluninni teljist ekki vera „fyrirtæki“ í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna þess að styrkþegar hafi ekki með höndum atvinnustarfsemi. 15 tilvik teljast vera „mennta- og rannsóknastofnanir“; 25 tilvik sem falla undir „opinberar stofnanir“ fela í sér stuðning til sveitarfélaga og 74 tilvik varða stuðning til „atvinnugreinasamtaka“.

Hvað varðar tilvikin sem falla undir „mennta- og rannsóknastofnanir“ (sem sýnd eru með tveimur dæmum, þar sem annað varðar stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni) þá telur Eftirlitsstofnun EFTA að þau falli utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins á grundvelli undirkafli 2.2 í eldri útgáfu 14. kafla um rannsóknir og þróun í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð en samkvæmt honum falla rannsóknastofnanir „sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni [...] alla jafna ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ og þar segir jafnframt: „Þegar niðurstöður R&D-verkna, sem fjármögnuð eru af hinu opinbera og unnin af slíkum stofnunum, eru látnar evrópskum iðnaði í té án mismununar mun [E]ftirlitsstofnun EFTA gera ráð fyrir að ekki sé að öllu jöfnu um að ræða ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“.

Stjórnvöld í Noregi telja að aðstoð til „atvinnugreinasamtaka“ (sem samanstanda af samtökum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og taka þátt á miðlun upplýsinga) feli ekki í sér ríkisaðstoð vegna þess að fjármögnunin beinist ekki (beint) að fyrirtækjunum heldur fer um atvinnugreinasamtök sem teljast ekki vera fyrirtæki. Vísað er til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi *Asetra* sem að sögn stjórnvalda í Noregi var viðurkennd vegna þess að *Asetra* var ekki fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans⁽⁴⁴⁾. Einnig er staðhæft að dómstóllinn hafi túlkað hugtakið „fjárhagslegur ávinningur“ í fleiri tilvikum og að rök dómstólsins í máli C-143/99 *Adria Wien* bendi til þess að aðskilja verði fræðilegan ávinning (þ.e. kostnað sem hefði alla jafna ekki verið „tekinn með í fjárhagsáætlun“ fyrirtækisins) og þann kostnað sem er tekinn með í fjárhagsáætluninni⁽⁴⁵⁾.

Stjórnvöld telja einnig að í 31 tilviki öðru (og eru nokkur dæmi gefin) hafi styrkþegar ekki hlotið fjárhagslegan ávinning þar sem þeir veita þjónustu á móti og séu það því mál sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Minniháttaraðstoð

Stjórnvöld í Noregi vísa til samþykktarbréfsins (e. *consent letter*) þar sem kveðið er á um að styrkþegi verði að láta í té upplýsingar „um aðstoð sem móttakin er á grundvelli hugsanlegra nýrra umsókna um opinbera aðstoð ... Þessi skylda gildir í þrjú ár frá samþykktarbréfinu. Móttakandi aðstoðar getur ekki fengið minniháttaraðstoð sem fer yfir samtals 100 000 evra (u.þ.b. 815 000 NOK) á þriggja ára tímabili“.

⁽⁴⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. mars 2000 varðandi ríkisaðstoð N 673/99 (Stjtið. EB C 184, 1.7.2000, bls. 25).

⁽⁴⁵⁾ Mál C-143/99 *Adria Wien* [2001] ECR I-8365.

Stjórnvöld telja að tilvísunin til „þriggja ára tímabils“ gefi skýrt til kynna að móttakandi aðstoðarinnar sé ekki í stöðu til að fá minniháttaraðstoð á þriggja ára tímabili hvort sem það er fyrir eða eftir samþykktarbréfið. Skyldan að leggja fram upplýsingar um aðstoð sem móttakin er frá þriggja ára tímabilinu frá samþykktarbréfinu verður að lesast með hliðsjón af textanum um skylduna að móttaka ekki aðstoð á hvaða þriggja ára tímabili sem er. Að sögn stjórnvalda tryggir þetta að farið sé að reglugerðinni um minniháttaraðstoð. Stjórnvöld telja enn fremur að hvað sem öðru líður sé aðstoðin í flestum tilvikum undir mörkum fyrir minniháttaraðstoð.

Stjórnvöld hafa hins vegar einnig útskýrt að „málsmeðferðarrámmi fyrir minniháttaraðstoð hafi þó í tilteknum tilvikum ekki verið virtur þar sem aðstoðin hefði talist vera í samræmi við efnislegar reglur og hópundanþágu vegna aðstoðar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, rannsókna og þróunar og þjálfunaraðstoðar“. Stjórnvöld hafa síðar útskýrt að tilvísunin til þess að ekki hafi verið farið sem skyldi að „málsmeðferðarreglum“ þýddi að í tíu tilvikum hafi aðstoð verið veitt upp að heimiluðu aðstoðarhlutfalli að viðbætti minniháttaraðstoð án þess að hafa látið móttakanda minniháttaraðstoðarinnar vita að í henni fælist einhver minniháttaraðstoð.

Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Stjórnvöld í Noregi telja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki veitt nægilega athygli þeim starfsvenjum og málsmeðferðarreglum sem Innovasjon Norge fór eftir við mat sitt á því hvort aðstoðin samrýmdist samkeppnisreglum.

Stjórnvöld halda því í grundvallaratriðum fram að engin aðstoð hafi verið veitt sem byggðaaðstoð á grundvelli timburáætlunarinnar og að yfirlitið (sem fylgdi innri EES-leiðbeiningunum) þar sem hámarkshlutföll aðstoðar (að meðtalinni byggðaaðstoð) eru sett fram kunni að hafa leitt til þessa misskilnings. Strax á eftir staðhæfa stjórnvöld að samt sem áður séu til dæmi um að aðstoð hafi verið veitt upp að leyfilegum hámarkshlutföllum aðstoðar vegna rannsókna og þróunar en að viðbættu 5% byggðaaðstoðarálagi. Sem dæmi er aðstoð til Trysil Skog AS tiltekin.

Hvað varðar 78 tilvik rannsókna og þróunar (þar af eru þrjú dæmi nefnd) telja stjórnvöld að aðstoð hafi verið veitt í samræmi við efnislegar meginreglur í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Tillit hefur verið tekið til þess að hve miklu leyti verkefni gerir ráð fyrir þróun nýrrar tækni, þekkingar eða aðferða og helstu nýsköpunarverkefni sett í forgang. Einnig hefur verið tekið tillit til þess hvort verkefni getur átt rétt á fjármögnun annars staðar frá s.s. á grundvelli „Skattefunn“-áætlunarinnar.

Stjórnvöld telja að þrátt fyrir að ekki sé vitnað í titil og útgáfu reglugerðanna um hópundanþágu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og þjálfunaraðstoð í innri EES-leiðbeiningunum séu reglugerðirnar „að miklu leyti til felldar inn í þær“.

II. MAT

1. Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarriki EB eða EFTA-riki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Til þess að aðstoð teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að uppfylla fjórar viðmiðanir samanlagt: hún verður að i) veita styrkþegum fjárhagslegan ávinning sem þeir hefðu við eðlilegar aðstæður ekki fengið, ii) ávinningurinn verður að vera veittur af ríkinu eða ríkisfjármunum, iii) ráðstöfunin verður að vera sértæk þannig að hún ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, og iv) hún verður að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

1.1 *Fjárhagslegur ávinningur*

Ráðstöfunin verður að færa styrkþega fjárhagslegan ávinning sem ekki hefði fengist í eðlilegum viðskiptum.

Samkvæmt timburáætluninni veita stjórnvöld í Noregi fyrirtækjum, yfirvöldum, viðskipta-samtökum og öðrum samtökum fjárstuðning sem getur stuðlað að markmiðum áætlunarinnar. Fyrirtækin sem njóta góðs af slíkum styrkjum hafa af því fjárhagslegan ávinning, þ.e. þau fá styrk sem þeir hefðu ekki fengið í eðlilegum viðskiptum.

1.2 *Ríkisaðstoð*

Aðstoðin verður að vera veitt af ríkinu eða af ríkisfjármunum.

Styrkimir sem veittir eru á grundvelli timburáætlunarinnar eru fjármagnaðir af landbúnaðarráðuneytinu og koma beint af ríkisfjármunum.

1.3 *Ívilnun ákveðinna fyrirtækja eða framleiðslu ákveðinna vara*

Ráðstöfunin verður að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara.

Ljóst er af ýmis konar lagalegri undirbúningsvinnu (s.s. hvítbókinni, tilmælunum og skýrslu vinnuhópsins), sem leiddi til þess að timburáætluninni var komið á fót, að áætlunin miðaði að því að i) auka verðmæti í timburvinnslunni og ii) efla viðskiptasambönd skógræktarinnar og markaðarins á ýmsum stigum (sem tekur til sölu á hráefni til timburvinnslunnar), ásamt því almenna markmiði að auka raunverulega notkun á tréverki.

Þannig eru styrkir á grundvelli timburáætlunarinnar eingöngu veittir þegar talið er að þeir geti verið timburvinnslunni og tengdum timburiðnaði til hagsbóta sem og afhendingu á hráefni til slíks iðnaðar. Timburáætlunin ívilnar því fyrirtækjum innan timburgeirans en útilokar aðrar greinar og er því í eðli sínu sértæk. Í þessu samhengi hefur EFTA-dómstóllinn úrskurðað að ráðstöfun geti verið sértæk jafnvel þótt hún taki til heillar atvinnugreinar (eða allra fyrirtækja í henni) ⁽⁴⁶⁾.

Rétt er að benda á að þótt styrkir á grundvelli timburáætlunarinnar kunni einnig að vera veittir fyrirtækjum í öðrum iðnaði (t.d. þar sem iðnaðurinn kannar notkun viðar með öðru efni), geta aðrar iðngreinar ekki átt kost á honum nema þær stuðli að því heildarmarkmiði timburáætlunarinnar að ná fram almennri verðmætaukningu í timburvinnslunni. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að jafnvel þessi kostur miði á endanum að því að ívilna fyrirtækjum í timburvinnslunni og tengdum timburiðnaði.

1.4 *Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli samningsaðila*

Ráðstöfunin verður að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Samkvæmt timburáætluninni veita stjórnvöld í Noregi styrki til fyrirtækja í timburvinnslu (og skyldum iðnaði). Norskur iðnaður flytur stóran hluta heildsölutimburs síns og unnið tréverk (allt að 90 %) út til annarra EES-landa þar sem viðtæk viðskipti eru með timburvörur. Að auki flytur Noregur einnig inn timbur, unninn við og timburvörur frá ESB. Við slíkar aðstæður mun aðstoð til fyrirtækja á grundvelli timburáætlunarinnar styrkja stöðu styrkþega miðað við önnur fyrirtæki sem eru staðsett í Noregi eða öðrum EES-löndum og eiga í samkeppni í timburvinnslunni (og tengdri) starfsemi. Þar eð timbur er eingöngu eitt hráefnanna sem er notað í byggingariðnaðinum munu styrkir sem byggingarfyrirtæki fá á grundvelli timburáætlunarinnar auk þess styrkja stöðu þeirra samanborið við önnur fyrirtæki sem eiga í samkeppni í byggingariðnaðinum ⁽⁴⁷⁾.

⁽⁴⁶⁾ Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04 *Fesil og Finnford* [2005], skýrsla EFTA-dómstólsins 77. mgr., bls. 117. Þessi dómur staðfestir dómafrankvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna eins og hún birtist í máli C-75/97 *Belgia* gegn *frankvæmdastjórn* [1999] ECR I-3671, 33. mgr. Sjá einnig mál C-66/02 *Italia* gegn *frankvæmdastjórn* [2005] ECR I-10901, 95. mgr.

⁽⁴⁷⁾ Sjá í þessu tilliti mál 730/79 *Philip Morris* gegn *frankvæmdastjórn* [1989] ECR, 11. mgr. bls. 2671, þar sem segir að „*ef fjárstuðningur ríkisins styrkir stöðu fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki sem keppa í viðskiptum innan Bandalagsins verði að lita svo á að slík aðstoð hafi áhrif á hin síðarnefndu*“.

Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnun EFTA að fjárhagslegur styrkur til fyrirtækja á grundvelli timburáætlunarinnar muni raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti.

1.5 Niðurstaða og tilvist aðstoðaráætlunar

Í ljósi framsagðs kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að timburáætlunin fullnægi skilyrðinu í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og feli því í sér ríkisaðstoð. Stjórnvöld í Noregi hafa hins vegar talið að sumir hinna einstöku styrkja, sem hafa verið veittir á grundvelli timburáætlunarinnar, falli ekki undir gildissvið EES-samningsins eða teljist ekki fela í sér ríkisaðstoð.

Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar (og mótmæli við henni hafa ekki borist frá stjórnvöldum í Noregi) að timburáætlunin sé gerð sem liggja til grundvallar, án þess að þörf sé á frekari framkvæmdaraðgerðum, stakri aðstoð sem heimilt sé að veita fyrirtækjum sem skilgreind eru í gerðinni á almennan og óhlutbundinn hátt. Áætlunin telst því fela í sér ríkisaðstoð í skilningi staflíðar d) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Í þessu tilliti minnir Eftirlitsstofnun EFTA á mál C-310/99, þar sem Dómstóll Evrópubandalaganna segir: „*Ekki var nauðsynlegt að hin umdeilda ákvörðun fæli í sér greiningu á þeirri aðstoð sem í einstökum tilvikum var veitt á grundvelli hennar. Það er ekki fyrir en kemur að endurgreiðslu aðstoðarinnar að nauðsynlegt er að skoða einstaklingsbundna stöðu hvers viðkomandi fyrirtækis*“.⁽⁴⁸⁾ Í samræmi við dómaframkvæmd hefur Eftirlitsstofnun EFTA metið timburáætlunina á grundvelli eiginleika áætlunarinnar (en ekki á grundvelli séreinkenna stakra úthlutana samkvæmt kerfinu). Rök stjórnvalda í Noregi geta ekki haft áhrif á það mat heldur verða þau skoðuð ef og þegar rætt verður um endurgreiðslu. Niðurstaðan um það hvort áætlunin samrýmist EES-samningnum eða ekki hefur ekki áhrif á spurninguna um endurgreiðslu í einstökum tilvikum þegar aðstoð er veitt. Eins og fram kemur í dómnum, sem vísað er til hér að ofan, gerist það á síðara stigi, og eingöngu verður farið fram á endurgreiðslu í þeim tilvikum þegar raunverulega hefur verið brotið gegn efnislegum ákvæðum um ríkisaðstoð.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á að stjórnvöld í Noregi hafa ekki andhæft því að timburáætlunin geri kleift að útvega styrkþegum fjármagn í tengslum við vörur sem falla undir EES-samninginn, s.s. timbur. Né heldur hafa stjórnvöld í Noregi mótmælt því að timburáætlunin geri kleift að fjármagna stofnanir sem teljast vera fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Að síðustu er það óumdeilt að timburáætlunin veitti ekki eingöngu þeim styrkþegum fjármagn sem veittu þjónustu í staðinn.

Með öðrum orðum var með sjálfri áætluninni gert ráð fyrir veitingu ríkisaðstoðar. Möguleikinn á því að tilteknir styrkþegar samkvæmt timburáætluninni kynnu að falla utan gildissviðs EES-samningsins (með tillit til þeirrar staðreyndar að vörur þeirra falla ekki undir samninginn eða að þeir sjálfir eru ekki fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins) breytir ekki þeirri skilgreiningu á timburáætluninni að hún sé aðstoðaráætlun í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. Málsmeðferðarkröfur

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal tilkynna „[E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlunir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda (...). Hlutadeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur í fyrsta lagi athygli á því að í ljósi þeirrar staðreyndar að 44. kafli í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (um timbur og timburvörur) fellur undir EES-samninginn verði að meta timburáætlunina á grundvelli samningsins. Stjórnvöld í Noregi tilkynntu ekki um timburáætlunina áður en hún kom til framkvæmda og hafa því ekki virt skuldbindingu sína skv. 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ríkisaðstoð veitt á grundvelli timburáætlunarinnar er því „ólögleg aðstoð“ í skilningi staflíðar f) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽⁴⁸⁾ Mál C-310/99 *Ítalía* gegn *framkvæmdastjórn* [2002] ECR 91. mgr. bls. I-2289. Í máli C-66/02 *Ítalía* gegn *framkvæmdastjórn* [2005] ECR 91. mgr. bls. I-10901, úrskurðaði dómstóllinn að „Þegar um er að ræða aðstoðaráætlun getur framkvæmdastjórnin takmarkað rannsókn sína við að skoða almenna eiginleika áætlunarinnar án þess að þörf sé á að skoða hvert og eitt tilvik sem hún gildir um [...] til að komast að raun um hvort áætlunin hefur í för með í sér aðstoð“. Sjá einnig mál E-2/05 *ESA* gegn *Íslandi* [2005] skýrsla EFTA-dómstólsins 24. mgr. bls. 202.

3. Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

Til bráðabirgða bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að þótt nákvæmar upplýsingar sé að finna í tímuráætluninni um t.d. markmið og styrkhæfan kostnað virðist hún ekki hafa að geyma nein skilyrði fyrir úthlutun aðstoðarinnar. Stofnunin getur ekki fallist á það að áætlun sem kveður ekki á um neinar sérstakar takmarkanir um úthlutun aðstoðar (t.d. um aðstoðarhlutfall) sé í samræmi við framkvæmd EES-samningsins. Sú staðreynd að leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA kunni að hafa verið virtar í reynd í einstökum tilvikum breytir ekki þessari afstöðu, en eins og bent er á í lið 1-1.5 hefur hún eingöngu áhrif á það hvort nauðsynlegt er að endurgreiða aðstoðina.

Hins vegar vekur Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því í þessu samhengi að stjórnvöld í Noregi hafi skýrt frá því að tilvísunin í skýrslu vinnuhópsins til framkvæmdar áætluninni á grundvelli „*meginreglna og venja*“ innan marka EES-laga sé óbein tilvísun til innri EES-leiðbeininganna. Stofnunin telur röksemdina vera þá að líta eigi á þessar leiðbeiningar, þar sem t.d. er kveðið á um hámarkshlutföll aðstoðar sem heimiluð eru samkvæmt EES-lögum við mismunandi aðstæður, sem reglur áætlunarinnar og skilyrði um veitingu aðstoðar samkvæmt tímuráætluninni. Með öðrum orðum hafði áætlunin að geyma sanngreinanlegar reglur sem takmörkuðu veitingu aðstoðar.

Stjórnvöld í Noregi taka fram að „*leiðbeiningarnar séu stöðugt í endurskoðun*“ en minnt er á að meta skal hvort ólögleg aðstoð samrýmist samkeppnisreglum við framkvæmd EES-samningsins á grundvelli efnislegra viðmiðana sem settar eru fram í gildandi gerningi á þeim tíma þegar aðstoðin var veitt, eða þegar áætluninni var komið á fót þegar um áætlun er að ræða. Að auki verður að meta hverja endurskoðun á reglum áætlunar til að ákvarða hvort hún breyti áætluninni í skilningi ákvörðunar 195/04/COL⁽⁴⁹⁾. Í matinu hér á eftir verður því skoðað nákvæmlega hvort innri EES-leiðbeiningar Innovasjon Norge, þ.m.t. síðari breytingar á þeim geta, sem reglur tímuráætlunarinnar, talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins, einkum leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA og reglugerðum um hópundanþágu eins og þeim var beitt á hverjum tíma.

3.1 Samrýmist aðstoðin 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Engin undanþágnanna í 2. mgr. 61. gr. á við í þessu máli þar sem tímuráætlunin miðar ekki að þeim markmiðum sem tilgreind eru í þessum ákvæðum.

3.2 Samrýmist aðstoðin 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

Ríkisaðstoð getur talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins skv. staflíð a) í 3. mgr. 61. gr. hans ef hún er ætluð til þess að greiða fyrir þróun ákveðinna greina atvinnulífsins þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið. Þar sem ekki er að finna nein slík svæði á norska kortinu yfir byggðaaðstoð á þetta ákvæði þó ekki við⁽⁵⁰⁾.

Ennfremur gildir undanþágan í staflíð b) í 3. mgr. 61. gr. ekki þar eð aðstoðin sem veitt er samkvæmt tímuráætluninni er ekki ætluð til þess að hrinda í framkvæmd mikilvægum verkefnum í þágu sameiginlegra evrópskra hagsmunamála eða ráða bót á alvarlegri röskun efnahagslífs í Noregi.

Hins vegar er hugsanlega hægt að beita undanþágunni í staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem kveður á um að ríkisaðstoð geti talist samrýmanleg sameiginlega markaðinum ef hún er til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina atvinnulífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Þetta á við ef ráðstöfunin er í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð eða gildandi reglugerðir um hópundanþágu.

⁽⁴⁹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37), eins og henni var breytt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 319/05/COL frá 14. desember 2005 (Stjtið. ESB C 286, 23.11.2006, bls. 9). Sjá einnig mál T-195/01 *Gibraltar gegn framkvæmdastjórn* [2001] ECR II-3915. Einnig skal tekið fram að þar sem áætluninni var upphaflega komið á fót á „ólöglegan“ hátt með tilliti til málsmeðferðar verður einnig að líta á allar síðari breytingar á þeirri áætlun sem ólöglega aðstoð.

⁽⁵⁰⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 327/99/COL frá 16. desember 1999 um kort yfir styrkt svæði og aðstoðarfjárhæðir (Noregur).

Byggðaaðstoð

Fyrirtæki á tilteknum svæðum, sem skilgreind eru með hliðsjón af norska kortinu yfir byggðaaðstoð sem um getur hér að framan, geta átt rétt á byggðaaðstoð enda uppfylli þau skilyrðin sem sett eru fram í kaflanum um byggðaaðstoð í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð⁽⁵¹⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að aðstoð á grundvelli timburáætlunarinnar hafi ekki verið veitt í formi byggðaaðstoðar. Hins vegar bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að timburáætluninni hafi verið hrundið í framkvæmd á grundvelli innri EES-leiðbeininganna sem kveða á um þann möguleika að veita svæðisbundna (fjárfestingar-)aðstoð⁽⁵²⁾. Ennfremur hafa stjórnvöld vísað til tilvika þar sem aðstoð til rannsókna og þróunar hafi fengið 5 % byggðaaðstoðarálag (Trysil Skog AS er eitt dæmi þar um).

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að skilyrðin sem sett eru fram í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð varðandi veitingu byggðaaðstoðar verði einnig að vera uppfyllt í þeim tilvikum þegar byggðaaðstoðarálag er veitt. Hins vegar er hvorki í skýrslu vinnuhópsins né í innri EES-leiðbeiningunum vísað til skilyrða sem verði uppfylla svo hægt sé að veita byggðaaðstoð, s.s. tilgreiningu um byggðaaðvinning (í formi arðbærra fjárfestinga eða atvinnusköpunar), né hafa þær að geyma tilvísun í kort Noregs yfir byggðaaðstoð. Þegar svo háttar getur stofnunin ekki verið þess fullviss að ákvæðin um byggðaaðstoð samkvæmt timburáætluninni séu í samræmi við byggðaaðstoð í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Aðstoð vegna rannsókna og þróunar

Ríkisaðstoð vegna rannsókna og þróunar getur talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins ef viðeigandi skilyrði í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eru uppfyllt⁽⁵³⁾. Í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er settar fram skilgreiningar á mismunandi tegundum rannsókna og þróunar, þ.e. „*grunnrannsóknnum*“, „*iðnrannsóknnum*“, og „*þróunarstarfsemi á forsamkeppnisstigi*“ og viðeigandi aðstoðarhlutföll tiltekin sem gilda um hvern þessara flokka fyrir sig.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á að styrkhæfar rannsóknir, styrkhæfur kostnaður og aðstoðarhlutföll, sem sett eru fram í innri EES-leiðbeiningunum, samsvara þeim sem sett eru fram í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð í kaflanum um rannsóknir og þróun að undanskildum því sem varðar tæknilegar undirbúningsrannsóknir. Í töflunni um aðstoðarhlutföll í innri EES-leiðbeiningunum er vísað til tveggja mismunandi aðstoðarhlutfalla vegna tæknilegra undirbúningsrannsókna á vegum stórfyrirtækja innan ramma rannsókna á forsamkeppnisstigi, þ.e. 50 % og 55 %⁽⁵⁴⁾ en í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er skýrt kveðið á um að sameinaðar styrkálagsfjárhæðir megi ekki fara yfir 50 % vegna rannsókna á forsamkeppnisstigi⁽⁵⁵⁾.

Í ljósi þess að eitt af aðstoðarhlutföllunum, sem sett eru fram í innri EES-leiðbeiningunum, er ekki í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð og að ekkert bendir til þess að til séu leiðbeiningar fyrir málsmeðferðarfulltrúa um að beita aðstoðarhlutfalli vegna OFU/IFU-áætlunarinnar, sem er í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð, gæti virst svo sem reglurnar í timburáætluninni gerðu ráð fyrir hugsanlegu aðstoðarhlutfalli umfram hámarkið sem sett er fram í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Þá hafa Eftirlitsstofnun EFTA ekki borist nein rök fyrir að fallast á hærra aðstoðarhlutfall en það sem sett er fram í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þjálfunaraðstoð

Aðstoð, sem veitt er í samræmi við reglugerðir um hópundanþágu vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og/eða vegna þjálfunar, telst samrýmast framkvæmd EES-samningsins enda uppfylli

⁽⁵¹⁾ Eldri útgáfu 25. kafla í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, um byggðaaðstoð, var skipt út með nýjum leiðbeiningum 6. apríl 2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 (sem var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157 frá 8.12.2006, Stjútíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 24). Reglugerðin öðlaðist gildi 9. desember 2006.

⁽⁵²⁾ Sjá efri mörk (ríkisaðstoðar) sem um getur í töflunni sem fylgir innri EES-leiðbeiningunum og útskýringarhlutanum um fjárfestingaraðstoð (undirkafla 4.6).

⁽⁵³⁾ Hinn 7. febrúar 2007 komu nýjar leiðbeiningar um rannsóknir og þróun í stað hinna fyrri.

⁽⁵⁴⁾ Í útgáfunum frá 2000 og 2001 virðast sérstök aðstoðarhlutföll fyrir tæknilegar undirbúningsrannsóknir alls ekki hafa verið sett.

⁽⁵⁵⁾ 7. mgr. undirkafla 5.3 í þáverandi 14. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð um aðstoð vegna rannsókna og þróunar.

áætlunin öll skilyrði viðkomandi hópundanþágureglugerðar og hafi að geyma skýlausa vísun til hennar (með tilvitnun í heiti hennar og birtingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*)⁽⁵⁶⁾. Hins vegar er hvorki í ríkisfjárlögum né skýrslu vinnuhópsins eða neinu öðru lagalegu undirbúningsplaggi varðandi timburáætlunina að finna tilvísun í beitingu reglugerðarinnar um hópundanþágu vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða reglugerðarinnar um hópundanþágu vegna þjálfunaraðstoðar. Ennfremur hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki fengið neinar upplýsingar frá stjórnvöldum í Noregi um beitingu neinnar hópundanþágureglugerðar til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Stjórnvöld í Noregi hafa því ekki farið að kröfunum í hópundanþágureglugerðunum og því er ekki hægt að líta svo á að timburáætlunin sé í samræmi við hópundanþágurnar.

Samt sem áður er hægt að telja timburáætlunina samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins í ljósi efnislegra meginreglna sem settar eru fram í hópundanþágureglugerðunum um lítil og meðalstór fyrirtæki og þjálfunaraðstoð. Í þessu tilliti veur Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því að allar skilgreiningar, styrkhæfur kostnaður og aðstoðarhlutföll vegna þjálfunaraðstoðar í innri EES-leiðbeiningunum⁽⁵⁷⁾ samsvara hópundanþágureglugerðinni um þjálfunaraðstoð. Ennfremur samsvara skilgreiningar, styrkhæfur kostnaður og gildandi aðstoðarhlutfall fyrir ráðgjafarþjónustu og kaupstefnur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í innri EES-leiðbeiningunum⁽⁵⁸⁾ hópundanþágureglugerðinni um lítil og meðalstór fyrirtæki.

Hins vegar er heimilt, samkvæmt undirkafla 4.3.2 í innri EES-leiðbeiningunum, að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð vegna „tengslaneta og samstarfs“, en það markmið fellur augljóslega ekki undir gildissvið hinna efnislegu ákvæða í hópundanþágureglugerðinni um lítil og meðalstór fyrirtæki. Spurningin er því sú hvort fjármögnun í slíkum tilgangi getur talist samrýmanleg á grundvelli Leiðbeininga um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða á grundvelli efnislegra meginreglnanna sem þar er kveðið á um beint með tilliti til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins⁽⁵⁹⁾.

Í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er kveðið á um að heimilt sé að veita fjármagn til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna „samstarfs“ að því tilskildu að það hafi ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnun EFTA að hægt sé að fallast á þann möguleika sem um getur í innri EES-leiðbeiningunum að fjármagna lítil og meðalstór fyrirtæki í því skyni að „greina samstarfsaðila, stefnumið og myndun samstarfs meðan verið er að koma þeim á fót“.

Aftur á móti telur Eftirlitsstofnun EFTA að möguleikinn á að fjármagna ótilgreindar „óvenjulegar sameiginlegar aðgerðir“⁽⁶⁰⁾ á „rekstrarstigi“ opni fyrir þann möguleika að fjármagna fjölmargar ráðstafanir, hvenær sem er, sem væru ekki endilega innan ramma samstarfs milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hefðu því áhrif á viðskipti að því marki að það stríddi gegn sameiginlegum hagsmunum. Þegar stjórnvöld í Noregi voru spurð um þetta efni svöruðu þau því til að fjármögnun samkvæmt þessu ákvæði miðaði eingöngu að ráðgjafarþjónustu. Í sama samhengi héldu stjórnvöld því þó fram að þetta opnaði einnig fyrir möguleikann á að fjármagna „tengda þjónustu“ í sambandi við netaðstoð.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að á grundvelli síkra óljósra og ótakmarkaðra ákvæða geti hún ekki verið þess fullviss að reglur áætlunarinnar hvað varðar fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja séu í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja eða efnislegar meginreglur þeirra og geti því ekki fallist á að þær samrýmist framkvæmd EES á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽⁵⁶⁾ Sjá 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um hópundanþágu annars vegar vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hins vegar í reglugerðinni um hópundanþágu vegna þjálfunaraðstoðar. Ef formlegum skilyrðum hópundanþágunnar er fullnægt er aðstoðin undanþegin tilkynningarskyldu.

⁽⁵⁷⁾ Undirkafla 4.4.

⁽⁵⁸⁾ Undirkafla 4.3 og 4.3.1.

⁽⁵⁹⁾ Í stað eldri útgáfu kaflans um aðstoð vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð kom reglugerð um hópundanþágu vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá 26. júní 2002.

⁽⁶⁰⁾ Slíkar ráðstafanir taka til ráðstafana sem eru sambærilegar við aukningu á afkastagetu („kompetanseheving“).

Sú venja að fjármagna verkefniskostnað 100 %

Í skýrslu vinnuhópsins er gert ráð fyrir að áætlunin fjármagni allan verkefniskostnað í því tilviki þegar erfitt er að greina þann sem haft getur beinan hagnað af verkefnum. Stjórnvöld hafa skýrt frá því að verkefni sé fjármagnað 100 %, t.d. í tilvikum þegar erfitt er að greina beina styrkþega eða móttakendur styrksins eru taldir hafa eingöngu óverulegan hagnað af honum (þ.e. forrannsóknir og skýrslur á sérstökum marksviðum), á grundvelli þess að engin aðstoð sé fyrir hendi í þessum tilvikum ⁽⁶¹⁾.

Hvað varðar þessa venju er rétt að gera tvær athugasemdir: 1) Þrátt fyrir að stjórnvöld í Noregi vísi til forrannsókna og skýrsla sem dæmi um tilvik þegar ekki er um neina aðstoð að ræða er í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunar kveðið á um hámarkshlutföll fyrir tæknilegar hagkvæmniathuganir sem sýna að fjármögnun rannsókna (jafnvel þótt um sé að ræða undirbúningsathuganir) kunni að fela í sér ríkisaðstoð ⁽⁶²⁾; og 2) Þá útilokar móttaka óverulegrar aðstoðar ekki í sjálfu sér að um sé að ræða ríkisaðstoð, nema ef fjárhæð viðkomandi aðstoðar er undir mörkum fyrir minniháttaraðstoð.

Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnun EFTA að sú venja að fjármagna 100% af kostnaði vegna verkefnis byggist ekki á viðmiðunum sem tryggja að ríkisaðstoð sé útilokuð og þar sem 100 % fjármögnun er ekki heimilud samkvæmt neinum kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð, né heldur hafa verið færð rök fyrir því í þessu máli að slíkt aðstoðarhlutfall sé réttlætanlegt á grundvelli staflidar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, telur stofnunin að áætlun sem heimili slíka venju samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins.

Niðurstöður

Af framansögðu má ráða að timburáætlunin samrýmist í allmörgum atriðum ekki Leiðbeiningum um ríkisaðstoð og geti ekki átt rétt á undanþágu beint samkvæmt staflid c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að timburáætlunin geti ekki talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins.

3.3 Minniháttaraðstoð

Að sögn stjórnvalda í Noregi er í timburáætluninni kveðið á um skilyrði sem, séu þau uppfyllt, tryggja að styrkir geti talist vera minniháttaraðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA telur að viðkomandi ákvæði í timburáætluninni sé ekki í samræmi við reglurnar um minniháttaraðstoð.

Veiting aðstoðar getur verið viðurkennd sem minniháttaraðstoð samkvæmt Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, eða síðari reglugerð um minniháttaraðstoð, þannig að ráðstöfunin telst ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og því sé ekki nein skylda að tilkynna hana. Þar sem timburáætlunin var framkvæmd frá 1. júlí 2000 til ársloka 2005 skipta báðar þessar reglur um minniháttaraðstoð máli við mat á áætluninni ⁽⁶³⁾.

Bæði reglugerðin um minniháttaraðstoð og Leiðbeiningar um ríkisaðstoð kveða á um að innlend stjórnvöld geti ekki veitt minniháttaraðstoð nema þau hafi fyrst gengið úr skugga um að heildarfjárhæð minniháttaraðstoðar, sem fyrirtækið móttekur, hafi ekki hækkað vegna annarrar minniháttaraðstoðar sem móttekin hefur verið á næstliðnum þremur árum. Bæði samkvæmt reglugerðinni um minniháttaraðstoð og Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er viðtekin venja að sannreyna mörkin um minniháttaraðstoð með því að fá upplýsingar um það frá styrkþega ⁽⁶⁴⁾.

⁽⁶¹⁾ Sú venja að fjármagna 100% af verkefniskostnaði vekur upp spurningar bæði varðandi það hvort ríkisaðstoð hafi verið veitt og hvort hún samrýmist gildandi reglum. Að teknu tilliti til tilvísunarinnar í skýrslu vinnuhópsins til þessa möguleika er byggt á því að áætlunin geri ráð fyrir slíkri venju og að meta þurfi hvort ákvæði um þessa venju samrýmist gildandi reglum (þessi undirkafla). Spurningin um hvort ríkisaðstoð sé fyrir hendi (eða ekki) skiptir eingöngu máli í tengslum við endurheimt aðstoðarinnar.

⁽⁶²⁾ 7. mgr. undirkafla 5.3 í þáverandi 24. kafla um aðstoð vegna rannsókna og þróunar.

⁽⁶³⁾ Að sögn stjórnvalda í Noregi er það dagsetningin, sem þau gáfu samþykki sitt („tilsagn“), sem ákvarðar hvort 12. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð eða síðari reglugerð um minniháttaraðstoð gildir um viðkomandi styrk.

⁽⁶⁴⁾ Sjá í þessu tilliti tilvísunina í eftirlitsfyrirkomulag („control modality“) í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Þegar minniháttaraðstoð er veitt á grundvelli timburáætlunarinnar er vísað í reglurnar um minniháttaraðstoð og styrkþegar upplýstir um þá skyldu að tilkynna stjórnvöldum um aðra minniháttaraðstoð sem þeir móttaka næstu þrjú ár eftir að samþykkið um minniháttaraðstoðina var veitt.

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn kemur fram sú afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að þar sem þessi upplýsingakrafa varði eingöngu minniháttaraðstoð, sem móttækin er *eftir* að aðstoð hefur verið móttækin á grundvelli timburáætlunarinnar, hafi styrkþegar ekki verið beðnir um að leggja fram upplýsingar um hvort einhver minniháttaraðstoð hafi verið móttækin *áður en* minniháttaraðstoð var móttækin samkvæmt timburáætluninni. Hins vegar hafa stjórnvöld í Noregi talið að samþykkisbréfið vísi einnig til reglunnar um að aðstoð sem móttækin er „á hvað þriggja ára tímabili sem er“ megi ekki fara yfir mörk minniháttaraðstoðar.

Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að sú skylda styrkþega að láta vita um aðstoð sem veitt er „frá tíma samþykktarbréfsins“ sé í andstöðu við tilvísun í þá reglu að aðstoð sem móttækin er „á hvaða þriggja ára tímabili sem er“ megi ekki fara yfir mörk minniháttaraðstoðar. Þegar svo háttar getur stofnunin ekki verið þess fullviss að styrkþegi myndi augljóslega skilja þessi skilaboð sem svo að láta vita um móttækna aðstoð á „hvaða þriggja ára tímabili sem er“. Stofnunin heldur því fast við þá fyrstu afstöðu sína að svo fremi sem umrædd ákvæði skuli talin vera hluti af reglum áætlunarinnar er ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu fyrirfram að farið sé að ákvæðunum um minniháttaraðstoð ⁽⁶⁵⁾.

Auk þess bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að timburáætlunin hafi, a.m.k. í útgáfum innri EES-leiðbeininganna frá 2004 og júlí 2005, kveðið á um þá venju að hægt væri að bæta frekari aðstoð við ríkisaðstoð, sem t.d. er samþykkt fyrir rannsóknir og þróun, sem þá væri veitt sem minniháttaraðstoð ⁽⁶⁶⁾. Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í *Kahla Porzellan GmbH* taldi stofnunin að ef aðstoð færi yfir mörk minniháttaraðstoðar – í kjölfar heildarfjármögnunar til sama fyrirtækis á þriggja ára tímabili – teldist heildarfjárhæðin vera ríkisaðstoð ⁽⁶⁷⁾. Á þessum grundvelli telur stofnunin að venja þar sem mörk minniháttaraðstoðar eru virt eingöngu fyrir hluta veittrar aðstoðar til fyrirtækis feli í sjálfu sér í sér að heildarfjárhæðin megi fara yfir mörk minniháttaraðstoðar ⁽⁶⁸⁾.

Í ljósi framansagðs telur Eftirlitsstofnun EFTA að viðeigandi ákvæði samkvæmt timburáætluninni geti ekki verið í samræmi við reglurnar um minniháttaraðstoð og því er ekki hægt að fallast á að áætlunin samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

4. Niðurstaða

Á grundvelli upplýsinganna frá stjórnvöldum í Noregi lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að timburáætlunin feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem ekki samrýmist samningnum. Hins vegar telur stofnunin, og er það í samræmi við venju framkvæmdastjórnarinnar í þessu tilliti, að þrátt fyrir að timburáætlunin, sem áætlun, samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins sé hægt að líta svo á að einstakir styrkir sem veittir eru á grundvelli timburáætlunarinnar og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og/eða rannsókna og þróunar, eða efnislegum reglum í hópundanþágureglugerðum um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þjálfunar geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins ⁽⁶⁹⁾.

⁽⁶⁵⁾ Sú staðreynd að mörg samþykki kunna að vera undir mörkunum um minniháttaraðstoð skiptir ekki máli þar eð Eftirlitsstofnun EFTA takmarkar sig við að meta skilyrði timburáætlunarinnar þegar hún skoðar hvort ríkisaðstoðin er samrýmanleg gildandi reglum. Raunverulegar aðstæður munu skipta máli ef til endurgreiðslu aðstoðar kemur.

⁽⁶⁶⁾ Sjá undirkafla I-2.5 hér að framan þar sem fyrirkomulaginu er lýst.

⁽⁶⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. maí 2003 um aðstoð þýska ríkisins til Kahla Porzellan GmbH og Kahla/Thüringen Porzellan GmbH (Stjtið. ESB L 227, 11.9.2003, bls. 12). Við mat á því hvort viðeigandi aðstoðarhlutföll, sem sett eru fram í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, hafi verið virt verður á sama hátt að taka mið af heildarfjárhæð aðstoðar sem veitt hefur verið til sama fyrirtækis.

⁽⁶⁸⁾ Rétt er að taka fram að virða verður viðeigandi hlutföll aðstoðar. Ef minniháttaraðstoð er veitt ásamt annarri aðstoð má heildarfjárhæð aðstoðarinnar ekki fara yfir hámarkshlutföll fyrir hvern flokk aðstoðar. Þetta á auðvitað aðeins við ef heildaraðstoð telst ekki vera minniháttaraðstoð.

⁽⁶⁹⁾ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2003 um aðstoðaráætlun sem Frakkland kom til framkvæmdar vegna yfirtöku fyrirtækja í erfiðleikum (Stjtið. ESB L 108, 16.4.2004, bls. 38) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. desember 2001 um áætlun um ríkisaðstoð sem Spánn kom til framkvæmdar 1993 vegna nýstofnaðra fyrirtækja í Vizcaya (Spáni) (Stjtið. ESB L 40, 14.2.2003, bls. 11).

Þar eð timburáætlunin hefur ekki verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA telst öll aðstoð, í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, sem er veitt á grundvelli timburáætlunarinnar, ólögleg aðstoð í skilningi staflidar f) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Af 14. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA skuli ákveða hvort styrkþegar eiga að endurgreiða ólöglega aðstoð sem er ósamrýmanleg reglum um ríkisaðstoð samkvæmt EES-samningnum. Þetta er þó með fyrirvara um að i) stök aðstoð uppfylli skilyrðin um minniháttaraðstoð samkvæmt Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eða reglugerðinni um minniháttaraðstoð og ii) stök aðstoð teljist vera samrýmanleg á grundvelli þess að hún er í samræmi við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og/eða vegna rannsókna og þróunar, eða efnislegum reglum í hópundanþágureglugerðunum um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og vegna þjálfunar og sem uppfylla viðeigandi hlutföll aðstoðar sem þar er kveðið á um.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Timburáætlunin samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Stakar úthlutanir aðstoðar samkvæmt timburáætluninni fela ekki í sér ríkisaðstoð ef þær uppfylla skilyrðin um minniháttaraðstoð sem mælt er fyrir um í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð eða reglugerðinni um minniháttaraðstoð, eftir því hvor var í gildi á þeim tíma þegar aðstoðin var veitt.

3. gr.

Stakar úthlutanir aðstoðar samkvæmt timburáætluninni, sem uppfylla viðmiðin í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og/eða til rannsókna og þróunarstarfs, eða efnislegar reglur hópundanþágureglugerðanna um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og vegna þjálfunar, samrýmast framkvæmd EES-samningsins upp að þeirri fjárhæð sem heimiluð aðstoðarhlutföll leyfa.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyrirtæki, sem fengu aðstoð sem um getur í 1. gr., önnur en þau sem vísað er til í 2. og 3. gr., endurgreiði hana.

5. gr.

Endurgreiðslan skal fara fram án tafar og í samræmi við ákvæði landslaga, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd þessarar ákvörðunar. Aðstoðin, sem ber að endurgreiða, skal vera með vöxtum og vaxtavöxtum frá þeim degi sem þiggjandinn fékk hana til umráða og fram til þess dags að hún er endurgreidd. Vextir skulu reiknaðir á grundvelli 9. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL⁽⁷⁰⁾.

6. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA innan tveggja mánaða frá tilkynningu þessarar ákvörðunar um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að fara að henni.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

⁽⁷⁰⁾ Sbr. tilvísun í 49. nmgr.

8. gr.

Ákvörðun þessi telst eingöngu fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 23. janúar 2008

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Per Sanderud

forseti

Kurt Jaeger

stjórnarmaður

*I. VIÐAUKI***Styrkhæfur kostnaður sem kveðið er á um í innri EES-leiðbeiningunum**

Hvað varðar aðstoð til **lítilla og meðalstórra fyrirtækja** ⁽¹⁾ er styrkhæfur kostnaður i) ráðgjafarþjónusta sem utanað-komandi ráðgjafi veitir (að frátalinni þeirri sem varðar samfellda eða reglubundna starfsemi og þeirri sem tengist ekki venjulegum rekstrarkostnaði fyrirtækisins), ii) þátttaka í fyrsta sinn í kaupstefnum og sýningum og iii) kostnaður sem tengist stofnsetningar- og gangsetningarstigi tengslamyndunar og samstarfs. Stofnsetningarstigið tekur til fjármögnunar á því að greina samstarfsaðila, þróa áætlanir, skipulagningu og mótun samstarfsins o.s.frv. Gangsetningarstigið tekur til stjórnslukostnaðar vegna stjórnunar á samstarfinu á fyrstu þremur árunum (aðstoðarlutfallið lækkar í áföngum) og „sérstakra sameiginlegra aðgerða“. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna „aukna samkeppnishæfni“ en fjármögnun undir yfirskriftinni „sérstakar sameiginlegar aðgerðir“ er einnig heimilt að veita vegna annarra sambærilegra aðgerða bæði á stofnsetningarstigi og síðar á rekstrarstiginu.

Hvað varðar úthlutun aðstoðar vegna **þjálfunar** er gerður greinarmunur á sérstakri þjálfun og almennri þjálfun. Hin síðarnefnda tekur til faglegrar þjálfunar sem starfsmaðurinn getur nýtt sér í núverandi stöðu sinni og framtíðarstöðu í hinu styrkta fyrirtæki og sem veitir honum starfshæfni sem er ekki (eða aðeins að takmörkuðu leyti) hægt að flytja til annarra fyrirtækja eða starfssviða. Almenn þjálfun er þjálfun sem felur í sér fagleg þjálfun sem er ekki aðeins hægt að nota í núverandi eða framtíðarstarfi starfsmannsins í hinu styrkta fyrirtæki en sem veitir honum starfshæfni sem hægt er að flytja að verulegu leyti til annarra stofnana og bætur þannig ráðningarhæfi starfsmannsins að verulegu leyti.

Styrkhæfur kostnaður fyrir þjálfun er starfsmannakostnaður kennara, ferðakostnaður kennara og starfsnema, annar rekstrarkostnaður (s.s. kennsluefni og aðföng), afskriftir á tækjum og búnaði (að svo miklu leyti sem þau eru eingöngu notuð við þjálfunarverkefnið), kostnaður vegna leiðbeininga- og ráðgjafarþjónustu í tengslum við þjálfunarverkefnið, starfsmannakostnaður starfsnema sem nemur heildarfjárhæð annars styrkhæfs kostnaðar sem tilgreindur er. Eingöngu er heimilt að taka til greina þá tíma sem starfsnema taka í raun og veru þátt í þjálfuninni að frádregnum verðmætaskapandi tíma eða sambærilegt. Styrkhæfur kostnaður skal studdur skriflegum sönnunargögnum sem skulu ljós og sundurliðuð.

Hvað varðar **rannsóknir og þróun** kveða innri EES-leiðbeiningarnar á um að styrkhæfur kostnaður sé starfsmannakostnaður (rannsakendur, tæknimenn og aðstoðarfólk, sem eingöngu er notað við rannsóknar- og þróunarstarf), tæki, búnaður, vinnusvæði og -byggingar (sem að stöðugu og einvörðungu eru notaðar við rannsóknar- og þróunarstarfið), ráðgjafaraðstoð og samsvarandi þjónusta (sem eingöngu er notuð við rannsóknar- og þróunarstarfið) og stjórnslúsla sem tengist beint rannsóknar- og þróunarstarfinu. Annar styrkhæfur kostnaður getur verið rekstrarkostnaður svo sem efni, aðföng og sambærilegar vörur sem tengjast beint rannsóknar- og þróunarstarfinu.

Hvað varðar „**fjárfestingar**“ (lítilla og meðalstórra fyrirtækja og með tilliti til byggðaaðstoðar) er styrkhæfur kostnaður byggingar, verksmiðjur, vélar, grundvallarfjárfestingar svo sem útgjöld í tengslum við einkaleyfi, leyfi og tæknikunnáttu. Sérstakar reglur gilda um verkefni þar sem fjárfestingarkostnaður fer yfir 50 milljónir evra.

Rekstraraðstoð (sem skilgreind er sem kostnaður í tengslum við dagleg verkefni eða útgjöld vegna dreifingar, markaðssetningar eða reikningsskila) er ekki hægt að veita.

⁽¹⁾ Í innri EES-leiðbeiningunum er eingöngu að finna megin skilyrði skilgreiningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Annars er vísað í upprunalegu skilgreininguna í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

II. VIÐAUKI

„Hámarkshlutföll fjármögnunar ýmissa áætlana í höndum Innovasjon Norge –sterð fyrirtækja og svæði sem geta átt rétt á aðstoð“

- () gefur til kynna að áætlunin eigi eingöngu við í undantekningartilviki vegna fyrirhugaðs tilgangs og/eða gerðar fyrirtækis.
- Heimilt er að veita allt að 100 000 evrum samkvæmt öllum áætlunum á grundvelli reglnanna um minniháttaraðstoð.

Aðgerð – Áætlun	Markmið	Lítill og meðalstór fyrirtæki (< 250 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)		Stórfyrirtæki
		Lítill fyrirtæki (< 50 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)	Meðalstór fyrirtæki (< 250 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)	
„Landsdekkende innovasjonsordning“	Fjárfestingar	15%	7,5%	0
	Lítt samkeppnisraskandi aðstoð	50%		0
	Þjálfunaraðstoð (skal sem stendur ekki veitt á grundvelli LI)	(Sérstök/almenn – 35%/70%)		(Sérstök/almenn – 25%/50%)
	Rannsóknir og þróun:			
	• Þróunarstarfsemi vegna markaðssetningar	35%		25%
	• Tæknilegar undirbúningsrannsóknir	75%		50%
	• (Stakar rannsóknir, Tæknilegar undirbúningsrannsóknir)	(60% 75%)		(50% 75%)
„OFU/IFU“	Rannsóknir og þróun:			
	• Þróunarstarfsemi vegna markaðssetningar	35% (byggðasvæði + 5%)		25% (byggðasvæði + 5%)
	• Tæknilegar undirbúningsrannsóknir	75%		50%
	• (Stakar rannsóknir, Tæknilegar undirbúningsrannsóknir)	(60% 75%)		(50% 75%)
„Tilskudd til fylkeskommunene for regional utvikling“	Fjárfestingar:			
	Svæði A	30%		25%
	B	25%		20%
	C	20% (25%)*		10% (15%)
	Lítt samkeppnisraskandi aðstoð	50%		0
Þjálfunaraðstoð	Sérstök/almenn – 40%/75%		Sérstök/almenn – 30%/55%	
	Rannsóknir og þróun:			
	• Þróunarstarfsemi vegna markaðssetningar	40%		30%
	• Tæknilegar undirbúningsrannsóknir	75%		55%
	• (Stakar rannsóknir, Tæknilegar undirbúningsrannsóknir)	(65% 75%)		(55% 75%)
„Omstilling og nyskapning“	Fjárfestingar:			
	• Utan byggðasvæðis	15%	7,5%	0
	• Innan byggðasvæðis	Svæði A: 30%, B: 25% og C: 20% (25%)**		Svæði A: 25%, B: 20% og C: 10% (15%)

Aðgerð – Áætlun	Markmið	Lítill og meðalstór fyrirtæki (< 250 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)		Stórfyrirtæki
		Lítill fyrirtæki (< 50 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)	Meðalstór fyrirtæki (< 250 starfsmenn og tvær aðrar viðmiðanir)	
	Lítt samkeppnisraskandi aðstoð:			
	<ul style="list-style-type: none"> • Utan byggðasvæðis • Innan byggðasvæðis 	50%	50%	
	Þjálfunaraðstoð:			
	<ul style="list-style-type: none"> • Utan byggðasvæðis • Innan byggðasvæðis 	Sérstök/almenn – 35%/70%	Sérstök/almenn – 40%/75%	Sérstök/almenn – 25%/50% Sérstök/almenn – 30%/55%
	Rannsóknir og þróun			
	<i>Utan byggðasvæðis:</i>			
	• Þróunarstarfsemi vegna markaðssetningar	35%		25%
	Tæknilegar undirbúningsrannsóknir	75%		50%
	• (Stakar rannsóknir, Tæknilegar undirbúningsrannsóknir)	(60% 75%)		(50% 75%)
	<i>Innan byggðasvæðis:</i>			
• Þróunarstarfsemi vegna markaðssetningar	40%		30%	
Tæknilegar undirbúningsrannsóknir	75%		55%	
• (Stakar rannsóknir, Tæknilegar undirbúningsrannsóknir)	(65% 75%)		(55% 75%)	
“Etablererstipend“	Minniháttaraðstoð	Hámark 400 000 NOK (í sérstökum tilvikum meira en ekki meira en 100 000 evrur)		

(*) Heimilt er að nota allt að 25%/15% vegna aðgerða sem ætla má að hafi mikil áhrif á svæðavísu. Í fylkjunum Vestur-Ögðum, Rogalandi og Hörðalandi má hámark aðstoðar ekki fara yfir 20%/10%.

(**) Heimilt er að nota allt að 25%/15% vegna aðgerða sem ætla má að hafi mikil áhrif á svæðavísu. Í fylkjunum Vestur-Ögðum, Rogalandi og Hörðalandi má hámark aðstoðar ekki fara yfir 20%/10%.

Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikjum; vextirnir gilda frá 1. september 2009

2009/EES/66/02

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar stofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunartaxta verður að bæta við hæfilegu vaxtaálagi í samræmi við ákvæði ríkisaðstoðarleiðbeininganna. **Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur viðeigandi vaxtaálagi, þ.e. 100 grunnpunktum.** Endurkröfuvextirnir verða einnig að jafnaði reiknaðir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina eins og kveðið er á um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 789/08/COL frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (sjá Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1).

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2009–31.1.2009	16,42	2,95	6,43
1.2.2009–28.2.2009	16,42	2,33	5,41
1.3.2009–31.3.2009	16,42	1,58	4,26
1.4.2009–30.6.2009	16,42	1,10	3,38
1.7.2009–31.7.2009	11,24	0,86	2,84
1.8.2009–31.8.2009	8,52	0,86	2,84
1.9.2009–	6,67	0,86	2,84

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/66/03

(Mál COMP/M.5586 – Sita/Paprec/FPR)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Sita France, sem lýtur yfirráðum Suez Environnement, og Paprec Plastiques, sem lýtur yfirráðum Paprec France, fyrirtækis í Paprec-samsteypunni, öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu France Plastiques Recyclage SAS („FPR“) sem endurvinnur plastflöskur úr fjöletýlentereþalati (PET).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sita France: endurvinnsla sorps, að meðtalinni sorpheimtu og sorpmeðhöndlun
 - Paprec Plastiques: endurvinnsla sorps, einkum plasts
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 301, 11. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5586 – Sita/Paprec/FPR, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5648 – OTPP/Macquarie/Bristol Airport)

2009/EES/66/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kanadíska fyrirtækið Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTPP“) og fyrirtækið Macquarie European Infrastructure Fund L.P. („MEIF“), sem er skráð á Guernsey og tilheyrir áströlsku samsteypunni Macquarie Group („Macquarie“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirtöð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Bristol International Airport Limited („Bristol Airport“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - OTPP: umsýsla lífeyrissjóðsfjárfestinga, m.a. mannvirkjafjárfestingar í Bretlandi
 - Macquarie og MEIF: banka-, fjármála-, ráðgjafar-, fjárfestinga- og sjóðstýringarþjónusta víða um heim, m.a. í tengslum við mannvirkjafjárfestingar í Bretlandi
 - Bristol Airport: flugvallarþjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 298, 8. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5648 – OTPP/Macquarie/Bristol Airport, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/66/05****(Mál COMP/M.5656 – Europ Assistance Holding/SFR Développement/Océalis)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin SFR Développement og Europ Assistance Holding öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Océalis.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SFR Développement: fjárfestingar í nýjum fyrirtækjum sem starfa á sviði farsímafjarskipta og lýðnets; fyrirtækið er dótturfélag SFR, samsteypu sem starfar á sviði farsímafjarskipta, lýðnets og sjónvarps
 - Europ Assistance Holding: aðstoð, stuðningur og ráðgjöf við einstaklinga og félög; tilheyrir Generali-samsteypunni
 - Océalis: þjónusta á sviði fjaraðstoðar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 301, 11. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5656 – Europ Assistance Holding/SFR Développement/Océalis, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5659 – Daimler AG/IPIC/Brawn GP)**

2009/EES/66/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Daimler AG og fyrirtækið Aabar Investments PJSC („Aabar“), sem er dótturfélag International Petroleum Investment Company („IPIC“) og að fullu í eigu þess, en bæði síðarnefndu fyrirtækin eru skráð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í breska fyrirtækinu Brawn GP.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Daimler AG: framleiðsla á fólksbifreiðum og atvinnuökutækjum, fjármálaþjónusta
 - IPIC: fjárfestingafélag sem sinnir einkum fjárfestingum í fyrirtækjum á sviði olíuhreinsunar og tengdrar dreifingar- og þjónustustarfsemi
 - Brawn GP: kappakstur í Formula One
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 296, 5. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5659 – Daimler AG/IPIC/Brawn GP, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5666 – Xerox/Affiliated Computer Services)

2009/EES/66/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. desember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Xerox Corporation („Xerox“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Affiliated Computer Services, Inc. („ACS“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Xerox: búnaður til skjalavinnslu og tilheyrandi hugbúnaðarlausnir og tölvuþjónusta
 - ACS: verktaka á sviði vinnsluferla og tölvuþjónustu í fyrirtækjum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 301, 11. desember 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5666 – Xerox/Affiliated Computer Services, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5697 – Alstom Holding/Alstom Hydro Holding)

2009/EES/66/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. nóvember 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Alstom Holdings („Alstom“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Alstom Hydro Holding („Alstom Hydro“) sem lýtur nú yfirráðum Alstom og Bouygues SA í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Alstom: búnaður og þjónusta fyrir raforkuframleiðslu og járnbrautaflutninga
 - Alstom Hydro: búnaður og þjónusta fyrir vatnsorkuver
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 299, 9. desember 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5697 – Alstom Holding/Alstom Hydro Holding, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. desember 2009

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðun- arvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.12.2009	31.12.2009	1,45	1,45	5,37	1,45	2,49	1,45	2,31	7,34	1,45
1.11.2009	30.11.2009	1,45	1,45	5,37	1,45	2,49	1,45	2,31	7,34	1,45
1.10.2009	31.10.2009	1,45	1,45	6,41	1,45	2,49	1,45	2,31	7,34	1,45
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	2,78	7,34	1,77
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	2,78	7,34	1,77
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	3,44	7,34	1,77
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	6,41	2,22	2,96	2,22	3,44	7,34	2,22
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	7,63	2,22	2,96	2,22	4,57	7,34	2,22
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	7,63	2,74	2,96	2,74	4,57	7,34	2,74
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	7,63	3,47	3,74	3,47	6,00	7,34	3,47
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	7,63	4,99	4,53	4,99	6,00	7,34	4,99
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	7,63	4,99	4,53	4,99	6,00	7,34	4,99
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	6,70	4,59	4,20	4,59	5,55	6,43	4,59
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	6,70	4,59	4,20	4,59	4,81	6,43	4,59

Frá	Til	ES	FI	FR	HU	IE	IT	LT	LU	LV
1.12.2009	31.12.2009	1,45	1,45	1,45	8,37	1,45	1,45	9,53	1,45	18,77
1.11.2009	30.11.2009	1,45	1,45	1,45	8,37	1,45	1,45	9,53	1,45	18,77
1.10.2009	31.10.2009	1,45	1,45	1,45	10,01	1,45	1,45	9,53	1,45	18,77
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	15,54
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	15,54
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	13,20
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	2,22	10,01	2,22	2,22	9,53	2,22	13,20
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	2,22	10,01	2,22	2,22	9,53	2,22	13,20
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	2,74	10,01	2,74	2,74	9,53	2,74	13,20
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	3,47	10,01	3,47	3,47	9,53	3,47	13,20
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	4,99	10,01	4,99	4,99	7,81	4,99	13,20
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	4,99	10,01	4,99	4,99	7,81	4,99	11,05
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	7,10	5,36	9,44
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	6,10	5,36	9,44
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	6,10	5,36	9,44
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	4,59	8,58	4,59	4,59	6,10	4,59	9,44
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	4,59	8,58	4,59	4,59	6,10	4,59	9,44

Frá	Til	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.12.2009	31.12.2009	1,45	1,45	4,53	1,45	10,75	1,16	1,45	1,45	1,20
1.11.2009	30.11.2009	1,45	1,45	4,53	1,45	10,75	1,16	1,45	1,45	1,53
1.10.2009	31.10.2009	1,45	1,45	4,53	1,45	10,75	1,49	1,45	1,45	1,53
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	10,75	1,49	1,77	1,77	1,85
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	13,20	1,49	1,77	1,77	1,85
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	13,76	1,49	1,77	1,77	2,20
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	4,53	2,22	17,29	1,49	2,22	2,22	2,20
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	5,62	2,22	17,29	1,81	2,22	2,22	2,84
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	5,62	2,74	17,29	2,30	2,74	2,74	2,84
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	6,78	3,47	17,29	3,31	3,47	3,47	3,58
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	6,78	4,99	17,29	4,31	4,99	4,99	4,81
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	6,78	4,99	17,29	5,18	4,99	4,99	5,70
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	15,8	5,49	5,36	5,00	5,66
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	11,02	5,49	5,36	5,00	5,66
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	11,02	5,49	5,36	4,34	5,66
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	6,42	4,59	11,02	5,49	4,59	4,34	5,66
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	6,42	4,59	11,02	4,75	4,59	4,34	5,66

ÁLYKTUN RÁÐSINS

2009/EES/66/10

frá 30. nóvember 2009

um leiðarvísi um aukinn rétt grunaðra manna og sakborninga við málsmeðferð í sakamálum

Ofangreind ályktun hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 295, 4.12.2009, bls. 1).